# Knattspyrnusamband Íslands

# 2018

## 73. ársþing KSÍ
## Skýrslur nefnda

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit ... 1
Stjórn og nefndir KSÍ ... 2
Skýrsla landsliðsnefndar karla ... 4
Skýrsla U21 landsliðsnefndar karla ... 6
Skýrsla unglinganefndar karla ... 8
Skýrsla landsliðsnefndar kvenna ... 10
Skýrsla unglinganefndar kvenna ... 11
Árangur landsliða Íslands á árinu 2018 ... 13
Skýrsla mótanefndar ... 15
Skýrsla dómaranefndar ... 23
Skýrsla aga- og úrskurðarnefndar ... 33
Skýrsla háttvísinefndar ... 34
Skýrsla samninga- og félagaskiptanefndar ... 35
Skýrsla fræðslunefndar ... 38
Skýrsla útbreiðslunefndar ... 42
Úrtökumót KSÍ ... 45
Skýrsla hæfileikamótunar ... 52
Skýrsla mannvirkjanefndar ... 53
Heiðursviðurkenningar ... 54

# Stjórn og nefndir KSÍ

**Stjórn (ársþing)**
Guðni Bergsson formaður
Guðrún Inga Sívertsen varaformaður
Borghildur Sigurðardóttir gjaldkeri
Magnús Gylfason ritari
Gísli Gíslason
Ingi Sigurðsson
Ragnhildur Skúladóttir
Valgeir Sigurðsson
Vignir Már Þormóðsson

**Varastjórn (ársþing)**
Kristinn Jakobsson
Ingvar Guðjónsson
Jóhann Torfason

**Landshlutafulltrúar (ársþing)**
Bjarni Ólafur Birkisson Austurland
Björn Friðþjófsson Norðurland
Tómas Þóroddsson Suðurland
Jakob Skúlason Vesturland

**Framkvæmdastjórn**
Guðni Bergsson formaður
Borghildur Sigurðardóttir
Guðrún Inga Sívertsen
Magnús Gylfason
Vignir Már Þormóðsson

**Rekstrarstjórn Laugardalsvallar**
Guðni Bergsson formaður
Borghildur Sigurðardóttir
Ingvar Sverrisson
Klara Bjartmarz
Ómar Einarsson

**Dómaranefnd**
Kristinn Jakobsson formaður
Borghildur Sigurðardóttir
Bragi Bergmann
Ingi Sigurðsson
Jón Sigurjónsson
Sigurður Óli Þorleifsson
Viðar Helgason

**Fjárhagsnefnd**
Gísli Gíslason formaður
Borghildur Sigurðardóttir
Ingi Sigurðsson
Magnús Gylfason

**Fræðslunefnd**
Ragnhildur Skúladóttir formaður
Guðni Kjartansson
Gunnar Már Gunnarsson
Sigurður Þórir Þorsteinsson
Örn Ólafsson

**Laga- og leikreglnanefnd**
Gísli Gíslason formaður
Guðmundur H. Pétursson
Guðrún Inga Sívertsen

**Landsliðsnefnd karla**
Rúnar Arnarson formaður
Jóhannes Ólafsson
Magnús Gylfason
Ríkharður Daðason

**Landsliðsnefnd kvenna (A og U21)**
Guðrún Inga Sívertsen formaður
Arna Steinsen
Íris Sæmundsdóttir
Katla Guðjónsdóttir
Ragnhildur Skúladóttir

**Landsliðsnefnd U21 karla**
Vignir Þormóðsson formaður
Ásgeir Ásgeirsson
Borghildur Sigurðardóttir
Gísli Gíslason
Jónas Þórhallsson

**Unglinganefnd karla (U19 og U17)**
Jóhann Torfason formaður
Gunnar Gunnarsson
Ingvar Guðjónsson
Jónas Gestur Jónasson
Marteinn Ægisson
Pálmi Haraldsson
Pétur Ólafsson
Sigurður Örn Jónsson

**Unglinganefnd kvenna (U19 og U17)**
Ragnhildur Skúladóttir formaður
Hafsteinn Steinsson
Hanna Dóra Markúsdóttir
Jakob Skúlason
Mist Rúnarsdóttir
Tómas Þóroddsson
Viggó Magnússon

**Mannvirkjanefnd**
Ingi Sigurðsson formaður
Bjarni Þór Hannesson
Jón Runólfsson
Kristján Ásgeirsson
Magnús Gylfason
Margrét Leifsdóttir
Þorbergur Karlsson

**Mótanefnd**
Vignir Már Þormóðsson formaður
Björn Friðþjófsson
Ingvar Guðjónsson
Jóhann Steinar Ingimundarson
Róbert B. Agnarsson
Sveinbjörn Másson
Þórarinn Gunnarsson

**Samninga- og félagaskiptanefnd**
Guðrún Inga Sívertsen formaður
Gísli Hall
Örn Gunnarsson
Guðmundur H. Pétursson (til vara)
Unnar Steinn Bjarndal (til vara)

**Útbreiðslunefnd**
Valgeir Sigurðsson formaður
Bjarni Ólafur Birkisson
Björn Friðþjófsson
Jakob Skúlason
Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir
Tómas Þóroddsson

**Heilbrigðisnefnd**
Reynir Björn Björnsson formaður
Ásta Árnadóttir
Friðrik Ellert Jónsson
Guðrún Sigurðardóttir
Haukur Björnsson
Stefán Stefánsson

**Starfshópur um afreksstefnu KSÍ**
Guðrún Inga Sívertsen formaður
Arnar Bill Gunnarsson
Freyr Alexandersson
Heimir Hallgrímsson
Ragnhildur Skúladóttir

**Nefnd vegna endurskoðunar laga KSÍ**
Gísli Gíslason formaður
Feldís Lilja Óskarsdóttir
Gísli Hall
Guðjón Bjarni Hálfdánarson
Jón Rúnar Halldórsson

**Siðanefnd (ársþing) til 2018**
Albert Eymundsson formaður
Eiríkur Björgvinsson
Kristrún Heimisdóttir
Hanna S. Sigurðardóttir (til vara)
Helgi Þorvaldsson (til vara)
Rósa Júlía Steinþórsdóttir (til vara)

**Leyfisdómur KSÍ (ársþing) til 2018**
Heimir Örn Herbertsson formaður
Jón Gunnlaugsson
Ómar Smárason
Ragnar Gíslason
Rúnar Gíslason

**Leyfisráð KSÍ (ársþing) til 2018**
Lúðvík S. Georgsson formaður
Eggert Steingrímsson
Guðmundur H. Pétursson
Stefán Bergsson
Stefán Orri Ólafsson

**Aga- og úrskurðarnefnd (ársþing) til 2018**
Gunnar Guðmundsson formaður
Halldór Frímannsson varaformaður
Sigurður Ingi Halldórsson varaformaður
Einar M. Árnason
Helgi R. Magnússon
Sigrún Óttarsdóttir
Sigurður Guðmundsson
Þröstur Ríkharðsson

**Áfrýjunardómstóll KSÍ (ársþing)**
Sigurður G. Guðjónsson forseti
Guðmundur Pétursson
Lúðvík Örn Steinarsson
Brynjar Níelsson (til vara)
Guðmundur Þórðarson (til vara)
Hörður Felix Harðarson (til vara)
Jóhannes A. Sævarsson (til vara)
Kolbeinn Árnason (til vara)

**Kjörnefnd (ársþing)**
Steinn Halldórsson formaður
Magnús Guðmundsson
Jónas Gestur Jónasson

**Kjörnir skoðunarmenn (ársþing)**
Dýri Guðmundsson
Haukur Gunnarsson
Eggert Steingrímsson (til vara)
Þór Símon Ragnarsson (til vara)

**Kjörinn endurskoðandi (ársþing)**
Björn Ingi Victorsson

# Skýrsla landsliðsnefndar karla

Í nefndinni sátu Magnús Gylfason formaður, Jóhannes Ólafsson, Rúnar V. Arnarson og Ríkharður Daðason. Með nefndinni störfuðu Klara Bjartmarz og Gunnar Gylfason. Heimir Hallgrímsson var landsliðsþjálfari fram yfir HM í Rússlandi og honum til aðstoðar voru þeir Helgi Kolviðsson aðstoðarþjálfari, Guðmundur Hreiðarsson markvarðaþjálfari og Sebastian Boxleitner þrekþjálfari. Eftir HM tók Erik Hamrén við sem þjálfari liðsins, Freyr Alexandersson var aðstoðarþjálfari, Lars Eriksson markvarðaþjálfari og Sebastian Boxleitner þrekþjálfari. Læknir landsliðsins var Haukur Björnsson og sjúkraþjálfarar þeir Stefán Hafþór Stefánsson, Friðrik Ellert Jónsson, Pétur Örn Gunnarsson og Rúnar Pálmarsson. Búningastjóri var Sigurður Sveinn Þórðarson og Þorgrímur Þráinsson var alltaf liðinu innan handar.

**Verkefni og leikmenn**
Landsliðið lék á árinu 15 leiki, þrjá leiki í HM í Rússlandi, fjóra leiki í Þjóðadeild UEFA og átta vináttulandsleiki. Sigur vannst í tveimur leikjum, jafntefli voru 4 en níu leikir töpuðust. Í þessum fimmtán leikjum léku 47 leikmenn og aðrir fimm voru í hóp. Birkir Bjarnason lék 11 leiki og þeir Ari Freyr Skúlason, Arnór Ingvi Traustason, Birkir Már Sævarsson, Ragnar Sigurðsson og Sverrir Ingi Ingason léku 10 leiki. Alfreð Finnbogason og Hannes Þór Halldórsson léku sinn 50. landsleik á árinu.

**Vináttulandsleikir fyrir HM**
Liðið lék sex vináttulandsleiki áður en keppnin hófst í Rússlandi. Fyrstu leikir ársins voru leiknir í Indónesíu í janúar og venju og reglum samkvæmt var það lið að mestu skipað leikmönnum sem leika á Norðurlöndum og Íslandi. Mótherjarnir voru heimamenn og var fyrri leikurinn í ferðinni leikinn í Yogyakarta og vannst 6-0. Andri Rúnar Bjarnason, Kristján Flóki Finnbogason, Óttar Magnús Karlsson, Tryggvi Hrafn Haraldsson, Hjörtur Hermannsson og Hólmar Örn Eyjólfsson skoruðu mörkin. Seinni leikurinn í ferðinni var leikinn í Jakarta og þar vannst 4-1 sigur þar sem Albert Guðmundsson skoraði 3 mörk og Arnór Smárason eitt.

Í landsleikjaglugganum í mars var haldið vestur um haf og att kappi við tvær aðrar þjóðir sem voru að undirbúa sig fyrir HM. Fyrst var leikið gegn Mexíkó í San Francisco og unnu Mexíkanar 3-0 sigur. Seinni leikurinn í ferðinni var gegn Perú og fór hann fram í New Jersey. Perú vann leikinn 3-1 og það var Jón Guðni Fjóluson sem skoraði mark Íslands.

Í lokaundirbúningi fyrir Heimsmeistarakeppnina í Rússlandi lék liðið tvo vináttulandsleiki á Laugardalsvelli í byrjun júní. Fyrst komu Norðmenn í heimsókn og unnu 2-3 sigur þar sem Alfreð Finnbogason og Gylfi Þór Sigurðsson skoruðu mörk Íslands. Fjórum dögum síðar kom landslið Gana í Laugardalinn og þá varð 2-2 jafntefli niðurstaðan - Alfreð Finnbogason og Kári Árnason skoruðu mörk Íslands.

**Heimsmeistarakeppnin í Rússlandi 2018**
Bækistöðvar íslenska liðsins á meðan keppninni stóð voru í borginni Gelendzhik við Svartahafsströnd Rússlands og var aðstaða þar öll til mikillar fyrirmyndar og góð. Fyrsti leikur Íslands á HM var gegn Argentínu á Spartak vellinum í Moskvu. Argentína komst yfir um miðjan fyrri hálfleik, en Alfreð Finnbogason jafnaði leikinn skömmu síðar með fyrsta marki Íslands á HM. Markalaust var í síðari hálfleik og 1-1 jafntefli niðurstaðan. Annar leikurinn var gegn Nígeríu í Volgograd. Eftir markalausan fyrri hálfleik skoruðu Nígeríumenn tvö mörk í þeim síðari og unnu 2-0 sigur. Þriðji leikur Íslands var gegn Króatíu í Rostov. Króatar skoruðu í fyrri hálfleik, Gylfi Þór Sigurðsson jafnaði metin korteri fyrir leikslok en Króatar skoruðu aftur skömmu fyrir leikslok og tryggðu sér 2-1 sigur. Króatar hlutu 9 stig í riðlinum, Argentína 4, Nígería 3 og Ísland 1.

**Þjóðadeild UEFA og vináttulandsleikir haustið 2018**
Ný keppni á vegum UEFA, Þjóðadeildin, hófst í september. Ísland var í einum riðla A deildar ásamt Belgíu og Sviss. Fyrsti leikur Íslands var gegn Sviss í St. Gallen þar sem heimamenn unnu 6-0 sigur. Þremur dögum síðar komu Belgar í Laugardalinn og unnu 3-0 sigur. Í októberglugganum var fyrst leikinn vináttulandsleikur gegn heimsmeisturum Frakka í Guingamp, Birkir Bjarnason og Kári Árnason komu Íslandi tveimur mörkum yfir en heimsmeistararnir jöfnuðu leikinn á síðustu andartökum leiksins og 2-2 jafntefli niðurstaðan. Svisslendingar komu svo á Laugardalsvöll þremur dögum síðar og unnu 2-1 sigur þar sem Alfreð Finnbogason skoraði mark Íslands þegar korter lifði af leiknum. Í nóvember var fyrst leikið við Belga í Þjóðadeildinni í Brussel og unnu heimamenn 2-0 sigur. Þremur dögum síðar var leikinn vináttulandsleikur við Katar í Eupen í Belgíu og lauk þeim leik með 2-2 jafntefli. Fyrra mark Íslands var sjálfsmark og Kolbeinn Sigþórsson gerði það síðara. Svisslendingar

unnu D-riðil A-deildar Þjóðadeildarinnar á betri innbyrðisúrslitum gegn Belgum, en bæði liðin hlutu 9 stig. Ísland hlaut 0 stig og leikur í B-deild Þjóðadeildarinnar haustið 2020.

**Lokaorð**

Árið 2018 er stærsta ár í sögu íslenskrar knattspyrnu, á því leikur enginn vafi. Við tókum þátt í HM í Rússlandi og líklega er þetta stærsti íþróttaviðburður sem íslenska þjóðin hefur tekið þátt í. Við stóðum okkar frábærlega innan vallar sem utan. Liðið gerði jafntefli í sínum fyrsta leik í lokakeppni HM, skoraði sitt fyrsta mark í lokakeppni HM og var síðan grátlega nálægt því að tryggja sér sæti í 16 liða úrslitum, en tapaði í hörkuleik fyrir Króatíu, þar sem allt var skilið eftir á vellinum og vorum við okkur til mikils sóma með framgöngu okkar. Stuðningsmenn liðsins voru frábærir sem endranær og hafa þeir sett mark sitt á viðburði um allan heim með stemningu sinni á leikvöllum þar sem liðið hefur leikið.

Við tryggðum okkur sæti í A-deild Þjóðadeildarinnar í lok árs 2017 með því að vera númer 10 á lista yfir sterkustu knattspyrnuþjóðir Evrópu og þar með lékum við með 12 sterkustu þjóðum álfunnar í A-deild Þjóðadeildarinnar árið 2018. Þar var á brattann að sækja og töpuðust allir leikirnir, en liðið efldist er leið á keppnina, sem vonandi veit á gott fyrir keppni okkar í undanriðli EM sem fram fer á árinu 2019.

Við getum verið stolt af okkar framgöngu og liðið okkar er og verður um ókomin ár liðið sem allir líta til sem stórkostlegasta landslið Íslandssögunnar. Ég horfi bjartsýnn til framtíðar, margir leikmenn fengu sitt fyrsta tækifæri á árinu og við eigum marga góða leikmenn sem eru tilbúnir að taka við þegar þeirra tími kemur og ég trúi því að við getum tryggt okkur þátttökurétt á þriðja stórmótinu í röð með áframhaldandi öflugum stuðningi við landslið okkar.

Áfram Ísland!

*Magnús Gylfason, formaður*

# Skýrsla U21 landsliðsnefndar karla

Nefndina skipa Vignir Már Þormóðsson formaður, Gísli Gíslason, Borghildur Sigurðardóttir, Jónas Þórhallsson og Ásgeir Ásgeirsson. Starfsmaður nefndarinnar var Guðlaugur Gunnarsson. Þjálfari liðsins var Eyjólfur Sverrisson, aðstoðarþjálfarar Tómas Ingi Tómasson og Þórður Þórðarson, markmannsþjálfari Gunnar Sigurðsson, læknir Hjalti Kristjánsson, sjúkraþjálfari Róbert Magnússon og búningastjórar Lúðvík Jónsson og Ágúst Valsson.

**Leikir ársins 2018**
Liðið lék alls níu leiki á árinu, 5 leiki í riðlakeppni EM, einn vináttuleik gegn Írlandi og síðan tók liðið þátt í móti í Chongqing í Kína í nóvember og lék þar þrjá leiki. Undirbúningur liðsins fyrir mót hófst með æfingum í febrúar og mars. Ákveðið var að velja 23 leikmenn í leiki ársins en alla alþjóðlegu leikdagana á árinu yrðu leiknir tveir leikir. Með því að velja 23 leikmenn vildu þjálfararnir hefja undirbúning liðsins fyrir næstu undankeppni og ætluðu að velja leikmenn sem væru gjaldgengir í það lið.
Fyrstu leikir liðins voru leiknir í mars, fyrri leikurinn var vináttuleikur gegn Írlandi og sá seinni var mótsleikur gegn N-Írlandi og fóru báðir leikirnir fram ytra. Leikið var gegn Írlandi í Dublin og var byrjunarlið Íslands gegn Írlandi nær einungis skipað leikmönnum sem gjaldgengir eru í næstu undankeppni - einungis tveir leikmenn voru á sama aldri og leikmenn Írlands. Ísland fékk mark á sig á fyrstu mínútu og síðan aftur þvert gegn gangi leiksins á 40. mínútu. Stefan Alexander Ljubicic minnkaði munin á 63. mínútu en Írland gulltryggði sigurinn með marki á 93. mínútu. Frekar ósanngjarnt tap, 3-1. Næst var leikið gegn N-Írlandi í Coleraine við frekar slakar vallaraðstæður, en veturinn var búinn að vera erfiður og var völlurinn nánast moldarflag þ.e mjög lítið gras var á vellinum. Báðum liðum gekk erfiðlega að spila góðan fótbolta og endaði leikurinn með jafntefli 0–0. Næsti mótsleikur var 6. september á Kópavogsvelli gegn Eistlandi. Íslensku strákarnir léku við hvern sinn fingur í fyrri hálfleik gegn frekar slöku liði Eista. Óttar Magnús Karlsson skoraði fyrstu 2 mörk Íslands á 19. og 22. mínútu, og Samúel Kári Friðjónsson bætti við þriðja markinu á 45. mínútu. Aðeins meira jafnræði var í síðari hálfleik en þá skoruðu bæði lið 2 mörk. Arnór Sigurðsson skoraði fjórða mark Íslands á 58. mínútu og Albert Guðmundsson fimmta og síðasta mark Íslands á 64. mínútu. Lokastaðan 5-2 fyrir Ísland. Næsti leikur var gegn Slóvakíu 11. september á Alvogen-vellinum. Greinilegt var að Slóvakar ætluðu sér að hefna fyrir tapið í Slóvakíu og fengu þeir vítaspyrnu snemma leiks en Aron Snær Friðriksson varði spyrnuna vel. Albert Guðmundsson skoraði fyrsta mark leiksins á 33. mínútu en Slóvakar ná síðan að jafna leikinn á 58. mínútu og komast yfir á 90. mínútu. Albert Guðmundsson jafnaði síðan leikinn á 93. mínútu úr vítaspyrnu en 5 mínútum hafði verið bætt við. Það var síðan markvörður Slóvaka sem skoraði sigurmark Slóvaka með síðustu snertingu leiksins á 95. mínútu. Niðurstaðan því 2–3 tap. Þriðju og fjórðu heimaleikir haustsins voru leiknir á Floridana-vellinum. Fyrri leikurinn var gegn N–Írlandi 11. október. Eins og í fyrri leiknum var mikið jafnræði með liðunum. Hvorugt liðið fékk afgerandi færi en þó náðu N-Írar að skora og eins og í leiknum gegn Slóvökum kom markið á síðustu mínútu leiksins og 0-1 tap gegn N-Írlandi staðreynd. Síðasti leikur liðsins í undankeppni EM var gegn Spáni 16. október. Eyjólfur Sverrisson stillti upp mjög ungu liði gegn Spáni, einungis þrír leikmenn fæddir 96/97 voru í byrjunarliðinu. Aðrir leikmenn voru allir gjaldgengir í næstu undankeppni. Það sást líka fljótlega að Spánn var mun sterkara liðið á vellinum. Ísland, sem tapaði fyrri leiknum naumlega á Spáni 1-0, sá aldrei til sólar gegn Spáni. Staðan var 1–4 í hálfleik, Jón Dagur Þorsteinsson skoraði mark Íslands á 41. mínútu. Spánverjar slökuðu aðeins á í seinni hálfleik en skoruðu samt 3 mörk á móti einu marki sem Óttar Magnús Karlsson skoraði á 58. mínútu. Lokastaða 2-7 tap gegn Spáni.
KSÍ var svo boðið að senda leikmenn fædda ´97 og síðar á mót í Chongqing í Kína 11.–20. nóvember þar sem leikið yrði gegn Kína, Mexíkó og Tælandi. Boðið var þegið og jafnframt ákveðið að senda U21 landslið Íslands skipað leikmönnum fæddum ´98 og síðar, þ.e það lið sem tekur þátt í næstu undankeppni EM. Allir leikir mótsins fóru fram á sama vellinum, Wanzhou Sports Center í Chongqing sem tekur 20.000 manns í sæti. Farið var með 23 leikmenn, enda spilaðir 3 leikir á 5 dögum. Fyrsti leikurinn var gegn Mexíkó og spiluðu strákarnir mjög vel í þeim leik. Sóttu mun meira en Mexíkó, áttu fleiri færi og skot á mark Mexíkóa sem voru skeinuhættir í sínum skyndisóknum og skoruðu 2 mörk úr þeim, það síðara á lokamínútum leiksins eftir að Ísland hafði sótt stíft til að reyna að jafna leikinn. Leikur tvö var gegn Kína fyrir framan tæplega 16.000 áhorfendur. Gjörbreytt byrjunarlið hóf leikinn gegn sterkum Kínverjum sem komust yfir í fyrri hálfleik. Eins og í fyrri leiknum gerði Eyjólfur þónokkrar breytingar í hálfleik sem skiluðu sér í jöfnunarmarki Felix Arnar Friðrikssonar á 60. mínútu, en honum hafði verið skipt inn á í hálfleik. Bæði lið reyndu að ná inn sigurmarki eftir þetta en hvorugu liðinu tókst það og niðurstaðan jafntefli, 1–1. Síðasti leikurinn var gegn Tælandi, sem var búið að tapa báðum sínum leikjum. Þreyta sást á íslenska liðinu enda þeir leikmenn sem leika á Íslandi ekki búnir að spila leik síðan í byrjun október. Að auki var völlurinn orðinn frekar þungur eftir alla leiki mótsins. Jafnræði var með liðunum en Ísland komst yfir úr vítaspyrnu á 34. mínútu sem Axel Óskar Andrésson skoraði úr. Tæland jafnaði síðan leikinn í síðari hálfleik og þar við sat.

**Leikmenn**
Alls tóku 37 leikmenn þátt í leikjum ársins. Þar af tóku 23 leikmenn þátt í mótsleikjunum fimm á árinu. Alfons Sampsted, Samúel Kári Friðjónsson og Torfi Tímoteus Gunnarsson náðu að vera í byrjunarliði í öllum mótsleikjum ársins.

**Undankeppni EM 19/21**
Í desember var dregið í næstu undankeppni EM. Ísland dróst í riðil með Ítalíu, Svíþjóð, Írlandi, Armeníu og Lúxemborg. Fyrstu mótsleikirnir verða leiknir í september 2019.

**Lokaorð**
Árið 2018 byrjaði á æfingaleik á Írlandi og í framhaldinu mótsleik á Norður-Írlandi í mars og síðan komu fjórir mótsleikir heima um haustið. Ljóst var að eftir leikinn við N-Íra að við ættum ekki mikla möguleika á að fara upp úr okkar riðli og í úrslitakeppnina sumarið 2019. Vegna þessa ákváðu þjálfarar liðsins að hefja þá þegar undirbúning fyrir næstu keppni og völdu enn fleiri yngri leikmenn í hópinn - leikmenn sem væru gjaldgengir í næstu keppni. Úrslit haustleikjanna voru vissulega vonbrigði en það er mín von að sú reynsla sem leikmenn öfluðu sér þar komi þeim og liðinu til góða í sterkum riðli í næstu undankeppni EM.
Þegar þetta er skrifað þá er ljóst að breytingar verða á þjálfarateymi U21 landsliðsins. Gengið hefur verið frá 2ja ára samningi við Arnar Þór Viðarsson sem þjálfara og Eið Smára Guðjohnsen sem aðstoðarþjálfara. Það er ljóst að þeir báðir eru mikill fengur fyrir KSÍ og þá ungu leikmenn sem eiga eftir að njóta leiðsagnar þeirra næstu misserin. Býð ég þá hjartanlega velkomna til starfa.
Að sama skapi vil ég þakka þeim Eyjólfi Sverrissyni og Tómasi Inga Tómasyni kærlega fyrir þeirra frábæru störf síðustu 10 árin. Þeir félagar hafa náð eftirtektaverðum árangri á þessum árum. Í fyrsta sinn í sögunni komst U21 landslið Íslands í lokakeppni, 2011 í Danmörku. Þar var lagður grunnurinn af okkar frábæra A-landsliði sem hefur náð stórbrotnum árangri undanfarin ár. 2014 komst liðið í umspil við Dani, tapaði þeirri viðreign á útivallarmarki og 2016 áttum við góðan möguleika á að komast í úrslitakeppni þar sem þurfti að leggja Úkraínu í lokaleik, sem tókst því miður ekki. Frábær tími og flottur árangur en við horfum björtum augum fram á veginn með nýja menn við stjórn og ætlumst til mikils af þeim.
Nú liggur ljóst fyrir hvaða liðum við mætum í undankeppni EM, sterkur riðill en við höfum alla möguleika á að gera góða hluti með mjög svo efnilegum leikmannahóp, sem nú þegar er kominn með töluverða reynslu í alþjóðlegri keppni. Fyrstu leikirnir í riðlinum eru ekki fyrr en í haust. Samið hefur verið um vináttuleik við Tékka á Spáni í mars, og nú er unnið er að því að semja um æfingaleiki júní.

Að lokum vil ég endurtaka þakkir mínar til Eyjólfs og Tómasar fyrir þeirra mikla framlag og jafnframt þakka nefndarmönnum, leikmönnum, sjúkraþjálfurum, lækni og liðsstjórum sem og starfsmönnum á skrifstofu KSÍ fyrir mjög gott samstarf. Sérstakar þakkir fær Lúðvík Jónsson liðsstjóri sem lætur nú af störfum eftir 12 ár í starfinu.

*Vignir Már Þormóðsson, formaður*

# Skýrsla unglinganefndar karla

Nefndina skipuðu Jóhann Torfason formaður, Gunnar Gunnarsson, Ingvar Guðjónsson, Pétur Ólafsson, Marteinn Ægisson, Jónas Gestur Jónasson, Pálmi Haraldsson og Sigurður Örn Jónsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Gunnar Gylfason og Arnar Bill Gunnarsson.

Starfssvið nefndarinnar var sem fyrr umsjón með drengja- og unglingalandsliðum Íslands. Þorlákur Már Árnason var þjálfari U17 landsliðsins fram í mars en þá tók Davíð Snorri Jónsson við liðinu. Þorvaldur Örlygsson var áfram þjálfari U19 landsliðsins, og U17 og U19 þjálfararnir voru svo hvor öðrum til aðstoðar. Þorlákur Már hafði umsjón með U16 og U15, úrtökumóti og knattspyrnuskólanum.

**U17 landslið karla - Leikmenn fæddir 2002 og síðar**
Dagskrá þessa liðs var með hefðbundnu sniði - undirbúningsmót UEFA í apríl, Norðurlandamót í ágúst og undankeppni Evrópumótsins í september.

**Undirbúningsmót í Litháen**
Auk heimamanna tóku Eistar og Króatar þátt í mótinu. Fyrsti leikurinn var gegn Eistum og vann íslenska liðið 2-1 sigur með mörkum Orra Hrafns Kjartanssonar og Davíðs Snæs Jóhannssonar. Annar leikurinn var gegn Litháum og unnu okkar menn góðan 3-0 sigur með mörkum frá Róberti Orra Þorkelssyni, Valgeiri Valgeirssyni og Bjarti Bjarma Barkarsyni. Þriðji leikurinn var svo gegn Búlgaríu og lauk honum með 1-1 jafntefli þar sem Bjartur Bjarmi skoraði mark Íslands. Í vítakeppni sem fylgdi vann íslenska liðið 3-1 og vann því mótið en Búlgaría var einnig með 7 stig.

**Opna Norðurlandamótið**
Mótið var haldið í Færeyjum í byrjun ágúst. Íslenska liðið var í riðli með Færeyingum, Kínverjum og Norðmönnum. Fyrsti leikurinn var gegn Færeyjum og vannst þar 2-1 sigur, Kristall Máni Ingason og Óliver Stefánsson skoruðu mörkin. Annar leikurinn var gegn Kínverjum og unnu okkar menn 3-0 sigur, Eyþór Aron Wöhler og Andri Fannar Baldursson skoruðu sitt hvort markið og það þriðja var sjálfsmark. Lokaleikur riðilsins var gegn Norðmönnum og þar leit þriðji sigurinn ljós, 2-1 og mörkin gerðu Ísak Bergmann Jóhannesson og Kristall Máni. Ísland vann því riðilinn með fullu húsi stiga og lék til úrslita gegn Finnum og þar vannst sigur í framlengingu - Ísak Bergmann skoraði þá eina mark leiksins og Ísland varð Norðurlandameistari 2018.

**Undankeppni EM**
Undankeppni Evrópumótsins var leikin í Sarajevó í Bosníu um miðjan október. Fyrsti leikurinn var gegn Úkraínu og lauk honum með 2-2 jafntefli þar sem Ísak Bergmann gerði bæði mörk Íslands. Næsti leikur var gegn heimamönnum og aftur varð jafntefli niðurstaðan, að þessu sinni 1-1, og Ísak Bergmann skoraði fyrir Ísland. Lokaleikurinn var gegn Gíbraltar og þar unnu okkar menn 8-0 sigur - Ísak Bergmann, Danijel Dejan Djuric og Mikael Egill Ellertsson gerðu tvö mörk hver og Davíð Snær og Andri Fannar sitt hvort markið. Úkraínumenn unnu riðilinn með 7 stig, Ísland endaði í öðru sæti með 5 og þessi tvö lið unnu sér sæti í milliriðlum, Bosníumenn hlutu 4 stig en Gíbraltar ekkert.

**U17 landslið karla - Leikmenn fæddir 2001 og síðar**

**Alþjóðlegt mót í Minsk**
Liðið tók þátt í móti í Minsk í Hvíta-Rússlandi í janúar. Fyrsti leikur liðsins var gegn Slóvakíu, og þar skoraði Karl Friðleifur Gunnarsson mark Íslands í 1-1 jafntefli. Í öðrum leiknum tapaði liðið 3-0 fyrir Ísrael en vann þriðja leikinn í riðlinum gegn Rússum 1-0 með marki frá Guðmundi Axel Hilmarssyni. Í umspili vann liðið Litháen 5-4 í vítakeppni eftir markalaust jafntefli og vann svo Moldavíu 3-0 í leik um 7. sætið - Jóhann Árni Gunnarsson, Arnór Ingi Kristinsson og Davíð Snær Jóhannsson skoruðu mörkin.

**Milliriðill í Hollandi**
Liðið lék í milliriðli EM í Hollandi í mars. Fyrsti leikurinn var gegn heimamönnum sem unnu 2-1 sigur - mark Íslands skoraði Andri Lucas Guðjohnsen. Næsti leikur tapaðist gegn Tyrkjum 0-3 og sá síðasti 0-1 fyrir Ítölum.
Liðið lék svo tvo vináttulandsleiki gegn Lettum ytra í júlí - fyrri leikurinn vannst 2-0 með mörkum frá Karli Friðleifi og Þórði Gunnari Hafþórssyni, en 1-1 jafntefli varð niðurstaðan í þeim síðari - Karl Friðleifur skoraði fyrir Ísland.

**U19 landslið karla - Leikmenn fæddir 2000 og síðar**

**Vináttulandsleikir**
Liðið lék tvo vináttulandsleiki í byrjun september gegn Albaníu ytra. Fyrri leikinn vann Albanía 1-0 en íslenska liðið þann síðari 4-1, Andri Lucas gerði tvö marka liðsins og þeir Birkir Heimisson og Viktor Örlygur Andrason sitt markið hvor.

**Undankeppni Evrópumótsins**
Riðill Íslands var leikin í nóvember í Antalya í Tyrklandi. Fyrsti leikurinn, gegn heimamönnum, vannst 2-1 með mörkum frá Brynjólfi Darra Willumssyni og Andra Lucasi en annar leikurinn, gegn Englendingum, tapaðist 1-3 þar sem Ísak Óli Ólafsson skoraði fyrir Ísland. Í lokaleik sínum gerði liðið 1-1 jafntefli við Moldavíu - Andri Lucas skoraði. Tyrkir og Englendingar komust áfram í milliriðla með 6 stig, Ísland hlaut 4 stig og Moldóvar eitt.

**U16 landslið karla – leikmenn fæddir 2003**

**Vináttulandsleikir**
Spilaðir voru tveir vináttulandsleikir gegn Sviss á Eimskipsvellinum í Reykjavík. Fyrri leikinn vann Sviss 4-1 - Hákon Arnar Haraldsson skoraði fyrir Ísland. Þann síðari vann Sviss 3-1 og þá skoraði Ísak Bergmann Jóhannesson mark Íslands. Í ágúst tók liðið þátt í móti ásamt úrvalsliði frá Peking og landsliði Hong Kong. Ísland vann leiki sína við Peking 13-0 og Hong Kong 7-0.

**Lokaorð**
Yngri landsliðin léku 27 landsleiki á árinu. Það er verkefni næstu ára að fjölga þessum leikjum sem eru svo mikilvægir fyrir þróun og framtíð landsliðana og landsliðsmanna okkar. Ég þakka samnefndarmönnum mínum, starfsmönnum liðanna og leikmönnum samstarfið á árinu, sem og starfsfólki skrifstofu KSÍ. Þá vil ég sérstaklega þakka Þórarni Dúa Gunnarssyni fyrir mikið og gott starf í gegnum árin sem nefndarmaður og fararstjóri.

*Jóhann Torfason, formaður*

# Skýrsla landsliðsnefndar kvenna

Landsliðsnefnd kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2018: Guðrún Inga Sívertsen formaður, Arna Steinsen, Katla Guðjónsdóttir, Íris Sæmundsdóttir og Ragnhildur Skúladóttir. Starfsmaður nefndarinnar var Þorvaldur Ingimundarson.

Hlutverk landsliðsnefndar er umsjón með A landsliði kvenna. Verkefni ársins voru æfingar, vináttulandsleikir, Algarve-mótið og undankeppni HM 2019. Landsliðsþjálfari var Freyr Alexandersson, Ásmundur Haraldsson aðstoðarþjálfari, Ólafur Pétursson markmannsþjálfari, sjúkraþjálfararnir Jófríður Halldórsdóttir, Ásta Árnadóttir og Ari Már Fritzson. Læknar Óskar Valdórsson og Sigurrós Jónsdóttir. Liðsstjórar þær Margrét Ákadóttir og Laufey Ólafsdóttir, styrktarþjálfari Hjalti Rúnar Oddsson. Óskar Örn Guðbrandsson og Jóhann Ólafur Sigurðsson voru fjölmiðlafulltrúar liðsins.

Keppnistímabilið hófst með vináttulandsleik gegn Norðmönnum á La Manga þar sem Fanndís Friðriksdóttir kom Íslandi yfir á 3. mínútu en Norðmenn höfðu að lokum betur, 2-1. Að venju var svo leikið á Algarve-mótinu og voru 23 leikmenn valdir í það verkefni. Fyrsti leikurinn var gegn Danmörku og lauk honum með markalausu jafntefli. Næst var leikið gegn Japan og skoraði Glódís Perla Viggósdóttir mark Íslands í 1-2 tapi. Lokaleikurinn í riðlinum var svo gegn Evrópumeisturum Hollands og endaði leikurinn með markalausu jafntefli. Leikið var gegn Dönum um 9. sætið. Eftir venjulegan leiktíma var jafnt, 1-1, og var það Hlín Eiríksdóttir sem skoraði markið. Ísland hafði svo betur í vítakeppni, 5-4.

Þessir leikir nýttust vel fyrir lokahnykkinn í undankeppni HM 2019 en ljóst var að baráttan þar yrði gríðarlega spennandi og erfið. Í byrjun apríl var leikið gegn Slóveníu ytra, í undankeppninni, og heimastúlkur lagðar 2-0. Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir og Rakel Hönnudóttir skoruðu mörk Íslands í leiknum og komu þau bæði í fyrri hálfleik. Þaðan var haldið til Færeyja og leikið þar, fjórum dögum síðar. Lauk þeim leik með 5-0 sigri Íslands þar sem Gunnhildur Yrsa, Rakel, Harpa Þorsteinsdóttir, Agla María Albertsdóttir og Fanndís Friðriksdóttir skoruðu mörkin. Næsti leikur var svo á heimavelli, gegn Slóvenum, 11. júní. Glódís Perla skoraði þar bæði mörk Íslands í 2-0 sigri og þá voru tveir heimaleikir eftir í undankeppninni - gegn Þýskalandi og Tékklandi. Möguleikinn var því ágætur að tryggja sér sæti í lokakeppni HM, þegar tveir leikir voru eftir. Ljóst var að róðurinn yrði erfiður gegn margföldum heims- og Evrópumeisturum Þýskalands en ekki vantaði stuðninginn. Í fyrsta skiptið var uppselt á landsleik kvenna á Íslandi þegar tæplega 10 þúsund áhofendur mættu á Laugardalsvöll. Það dugði því miður ekki í þetta skiptið þar sem Þjóðverjar höfðu betur 2-0. Þær þýsku tryggðu sér þarna farseðilinn til Frakklands en möguleiki Íslands fólst í að komast í umspil og til þess þurfti að leggja Tékka á Laugardalsvellinum þremur dögum síðar. Það tókst ekki, 1-1 jafntefli var niðurstaðan þar sem Glódís Perla skoraði mark Íslands á 87. mínútu.
Alls lék liðið 9 leiki á árinu, þrír sigrar, þrjú jafntefli og þrjú töp.

Óneitanlega voru það vonbrigði að ná ekki markmiðinu, sem var að komast í fyrsta skiptið í úrslitakeppni HM. Leikurinn við Þýskaland er samt sem áður sögulegur þrátt fyrir tapið, en þá var í fyrsta skipti uppselt á heimaleik hjá íslenska kvennalandsliðinu. Þar náðist markmið sem lengi hefur verið draumur hjá mörgum.
Eftir að liðið lauk keppni í undankeppni HM var ljóst að Freyr Alexandersson yrði ekki áfram þjálfari liðsins, eftir að hafa verið í því starfi síðan 2013 og náð frábærum árangri. Frey er sérstaklega þakkað hans góða starf með liðinu en undir hans stjórn hefur liðið náð góðum árangri og margir sigrar unnist, innan sem utan vallar. Þann 22. október var nýr landsliðsþjálfari kynntur til sögunnar, Jón Þór Hauksson og honum til aðstoðar Ian David Jeffs. Það verður spennandi að sjá nýja þjálfara taka við og koma sínum áherslum inn í leik liðsins.
Þegar horft er tilbaka og knattspyrnuárið 2018 gert upp er tvennt sem stendur upp úr. Annars vegar leikurinn við Þjóðverja þegar setið var í hverju sæti á Laugardalsvelli og hins vegar þegar fyrirliði liðsins, Sara Björk Gunnarsdóttir, var valin íþróttamaður ársins 2018.

Að lokum langar mig að þakka starfsmönnum liðsins, leikmönnum og nefndarfólki fyrir þeirra ómetanlegu störf á liðnu starfsári. Það hafa verið forréttindi að vinna með öllu því góða fólki sem að liðinu kemur. Áfram Ísland !

*Guðrún Inga Sívertsen, formaður*

# Skýrsla unglinganefndar kvenna

Unglinganefnd kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2018: Ragnhildur Skúladóttir formaður, Jakob Skúlason, Tómas Þóroddsson, Hanna Dóra Markúsdóttir, Viggó Magnússon, Hafsteinn Steinsson og Mist Rúnarsdóttir sem kom ný inn á árinu.
Hlutverk nefndarinnar er umsjón með U16/U17 og U19 landsliðum kvenna.
Þjálfarar þessara liða eru Þórður Þórðarson (U19) og Jörundur Áki Sveinsson (U16/U17). Gerður var nýr samningur við þá báða á haustdögum 2018, þar sem samningar þeirra voru að renna út í lok árs og lýsir unglinganefnd mikilli ánægju með að halda þeim áfram í starfi.
Sjúkraþjálfarar liðanna voru Guðrún Sigurðardóttir, Hildur Grímsdóttir og Þórdís Ólafsdóttir.
Læknar liðanna í verkefnum á árinu 2018 voru Valur Helgi Kristinsson, Sigurbjörn Björnsson, Sigrún Arnardóttir, Reynir Björn Björnsson og Jón Torfi Halldórsson.
Liðstjórar 2018 voru Sigríður Fanney Pálsdóttir með U19, Jóhanna Kristbjörg Einarsdóttir og Hafdís Jóna Guðmundsdóttir með U17 og U16.
U19 liðið (1999/00) fór í æfinga- og keppnisferð í lok febrúar fram í byrjun mars til La Manga á Spáni og lék þar þrjá leiki. Fyrsti leikurinn gegn Ítalíu tapaðist 1-2, mark Íslands skoraði Guðrún Gyða Haralz. Þar sem Skotar komust ekki vegna veðurs á heimaslóðum var ákveðið að leika tvívegis við Svíþjóð. Fyrri leikurinn fór 2-0 fyrir Svía en seinni leikurinn fór 1-1 þar sem Svíar jöfnuðu á síðustu mínútu. Mark Íslands gerði Dröfn Einarsdóttir. Mikilvægt að fá þessa leiki og ekki síður að geta æft saman og unnið með liðið í sjö daga sem undirbúning fyrir milliriðil.
Í ágúst lék U19 liðið (2000/01) tvo æfingaleiki í Noregi, við Noreg og Svíþjóð. Fyrst var leikið við Noreg þann 29. ágúst og fóru leikar þannig að Norðmenn unnu ósanngjarnan 1-0 sigur í leik þar sem Ísland lék mjög vel. Leikið var síðan við Svía 31. ágúst. Leikurinn var gríðarlega fjörugur og endaði hann með 5-4 sigri Íslands. Mörk Íslands gerðu þær Karólína Lea Vilhjálmsdóttir (2) og Sveindís Jane Jónsdóttir (3). Frábært verkefni fyrir undankeppnina sem fram fór í Armeníu.
Milliriðill U19 (1999/00) fór fram í nágrenni Gdansk í Póllandi 5. -11. júní. Í fyrsta leik vann liðið heimamenn 1-0. Mark Íslands skoraði Bergdís Fanney Einarsdóttir. Næstu mótherjar voru Noregur og tapaðist sá leikur 0-2 í jöfnum leik. Í síðasta leiknum, á móti Grikklandi, fór Ísland með 2-0 sigur af hólmi. Mörk Íslands gerðu þær Hlín Eiríksdóttir og Ásdís Karen Halldórsdóttir. Í heildina stóð Ísland sig mjög vel og endaði í 2. sæti riðilsins.
Undankeppni EM U19 kvenna 2018/2019 (2000/01) var leikin í Armeníu í október sl. Fyrsti leikur var gegn Wales. Ísland var í erfiðleikum með að brjóta varnarmúr Wales í fyrri hálfleik og var staðan 0-0 þegar flautað var til hálfleiks. Í þeim seinni komst Ísland í 2-0 með mörkum frá Alexöndru Jóhannsdóttur og Hlín Eiríksdóttur. Wales minnkaði muninn í 2-1 en sigurinn var samt sem áður nokkuð öruggur. Heimamenn í Armeníu voru næstu andstæðingar liðsins. Þar vann Ísland öruggan 4-0 sigur. Mörk Íslands gerðu þær Karólína Lea Vilhjálmsdóttir, Alexandra Jóhannsdóttir og Eva Rut Ásþórsdóttir (2). Í síðasta leiknum mætti liðið Belgíu í úrslitaleik um efsta sæti riðilsins. Ljóst var að það yrði erfiður leikur enda Belgía með sterkt lið. Íslenska liðið stóð sig frábærlega, lék á alls oddi og vann glæsilegan 5-1 sigur. Mörk Íslands gerðu þær Alexandra Jóhannsdóttir, Stefanía Ragnarsdóttir, Sveindís Jane Jónsdóttir og Hlín Eiríksdóttir (2). Sigur í riðlinum staðreynd og sæti í milliriðli öruggt. Það er ekki oft sem við getum státað okkur af því að vinna riðil í Evrópukeppnum landsliða en það gerðu stelpurnar í U19 sannfærandi.
U16 (2002/2003) tók þátt í tveimur verkefnum á árinu. Fyrst var farið til Litháens í apríl á UEFA Youth Development Tournament. Andstæðingar ásamt heimamönnum voru Eistland og Búlgaría. Fyrsti leikurinn var á móti Eistlandi og vann Ísland nokkuð öruggan 3-0 sigur. Mörk Íslands gerðu þær Jana Sól Valdimarsdóttir (2) og Ólöf Sigríður Kristinsdóttir. Næstu mótherjar var lið Litháens og þar léku stelpurnar okkar á alls oddi og unnu 9-0. Mörk Íslands gerðu þær, Andrea Marý Sigurjónsdóttir (3), Ólöf Sigríður Kristinsdóttir (2), og eitt mark gerðu þær Ragna Guðrún Guðmundsdóttir, Clara Sigurðardóttir, Birta Georgsdóttir og María Catharina Ólafsdóttir Gros. Í síðasta leiknum var leikið við Búlgaríu og vann Ísland 4-0, mörk Íslands gerðu þær Ída Marín Hermannsdóttir, Jana Sól Valdimarsdóttir og Hafrún Rakel Halldórsdóttir (2). Flott mót og mikil reynsla fyrir leikmenn sem voru flestir að spila sínu fyrstu landsleiki.
Seinna verkefni liðsins var NM U16 í Hamar Noregi í júlí. Þar var Ísland í gríðarlega sterkum riðli með Þýskalandi, Englandi og Svíþjóð. Þetta var virkilega gott mót. Opnunarleiknum sem var á móti Svíum töpuðu stelpurnar okkar 2-0. Stelpurnar spiluðu vel og voru úrslit leiksins ekki eftir gangi hans. Í öðrum leik spilaði liðið gegn Þýskalandi og var leikið í Raufoss. Það var hörkuleikur þar sem Þjóðverjar voru þó meira með boltann. Það var hins vegar Ísland sem varðist frábærlega og vel útfærður leikur skilaði okkur 2-1 sigri. Bæði mörk Íslands gerði Ólöf Sigríður Kristinsdóttir. Það er ekki á hverjum degi sem við vinnum þýska stálið. Lokaleikurinn í riðlinum var gegn knattspyrnustórveldinu Englandi. Eftir frábæran sigur á móti Þjóðverjum voru stelpurnar

okkar fullar af sjálfstrausti og gerðu sér lítið fyrir og unnu England 1-0. Mark Íslands gerði Ólöf Sigríður Kristinsdóttir. Í lokaleik liðsins á mótinu var leikið gegn Hollandi um þriðja sætið á mótinu. Til að gera langa sögu stutta þá fór leikurinn í vítakeppni eftir að staðan var 0-0 eftir venjulegan leiktíma og gerðu stelpurnar okkar sér lítið fyrir og unnu vítakeppnina, þar sem Ída Marín Hermannsdóttir skoraði sigurmark Íslands. Frábær árangur hjá stelpunum okkar og 3. sætið var þeirra.
U17 lið (2002/2003) lék í undankeppni EM 2018 í Moldóvu í september. Þetta var athyglisverð ferð hjá liðinu. Ferðalagið var langt og strangt. Meðal annars varð töf á brottför í Keflavík og kostaði að liðið missti af tengiflugi til Moldóvu og dvaldi liðið eina nótt hjá frændum okkar Svíum. Ýmis önnur ævintýri áttu eftir að gerast í þessari ferð og sem betur fer leystist allt farsællega. Liðið mætti degi seinna en ráðgert var til Moldóvu þannig að undirbúningur fyrir fyrsta leik var lítill. Fyrsti leikur var gegn Aserbaídsjan og Ísland vann 1-0. Sigurinn var langsóttur og eftir mikinn barning þá tókst Íslandi að skora og þar var að verki Þórhildur Þórhallsdóttir. Leikur tvö var gegn heimamönnum í Moldóvu, og frá fyrstu mínútu var ljóst í hvað stefndi. Ísland sótti og sótti og þegar flautað var til leiksloka var staðan Ísland 6 - Moldóva 0. Frábær sigur hjá okkar stúlkum. Mörk Íslands gerðu Ída Marín Hermannsdóttir, Andrea Marý Sigurjónsdóttir, María Catharína Ólafsdóttir Gros eitt mark hver og Clara Sigurðardóttir setti í þrennu. Lokaleikurinn var við gríðarlega sterkt lið Englands og því miður þá áttu stelpurnar okkar við ramman reip að draga í þeim leik, England vann sanngjarnan 2-0 sigur. Annað sætið í riðlinum klárt og sæti í milliriðli eins og stefnt var að - flott hjá okkar stúlkum.
U17 liðið (2001/2002) lék tvo vináttuleiki við Skota í Kórnum í byrjun febrúar. Ísland sigraði í fyrri leiknum 4-0. Mörkin skoruðu þær Helena Hálfdánardóttir og Clara Sigurðardóttir eitt mark hvor og Karólína Lea Vilhjálmsdóttir gerði tvö mörk. Seinni leikurinn var einnig eign Íslands sem vann með sama mun 4-0. Mörk Íslands gerðu þær Katla María Þórðardóttir, Karólína Lea Vilhjálmsdóttir, Ída Marín Hermannsdóttir og Karólína Jack eitt mark hver. Flottir leikir hjá stelpunum og góður undirbúningur fyrir milliriðil sem leikinn var í Þýskalandi.
U17 Milliriðill (2001/02) fór fram í Þýskalandi í mars. Í fyrsta leik var leikið gegn Írlandi og var það "50/50" leikur. Íslensku stelpurnar vörðust sóknum Íra vel og uppskáru góðan og verðskuldaðan 2-1 sigur með mikilli vinnu. Mörk Íslands gerðu þær Karólína Lea Vilhjálmsdóttir og Sveindís Jane Jónsdóttir. Í leik tvö mættum við Þýskalandi og léku Þjóðverjar gríðarlega vel og unnu sanngjarnan 3-1 sigur. Mark Íslands gerði Diljá Ýr Zomers. Í lokaleiknum mætti Ísland liði Aserbaídsjan og urðu lokatölur 3-1 fyrir Ísland. Um jafnan leik var að ræða framan af en Ísland stjórnaði þó heldur meira ferðinni og vann sanngjarnan sigur. Mörk Íslands gerðu þær Arna Eiríksdóttir sem skoraði tvö og Karólína Jack eitt.

**Lokaorð**

Stórt knattspyrnuár er að baki hjá unglingaliðum kvenna sem spiluðu alls 26 landsleiki á árinu. U16 stóð sig gríðarlega vel og unnu þær sex af sjö leikjum sínum á árinu. Bæði U17 og U19 léku í milliriðlum síðastliðið vor og höfnuðu bæði í öðru sæti í sínum riðlum. Þessi árangur liðanna dugði þó ekki til að komast í úrslitakeppnina þar sem einungis átta lið komast í úrslitakeppni hjá stúlkunum. U17 og U19 unnu sér sæti í milliriðlum EM 2018/2019 með frábærum árangri í undankeppninni síðastliðið haust og var árangur U19 sérlega glæsilegur en þær unnu riðilinn með fullu húsi stiga. Bæði liðin verða í milliriðlum vorið 2019 og eru riðlar beggja liða mjög sterkir. U17 leikur á Ítalíu í lok mars og U19 í Hollandi í byrjun apríl og verður spennandi að fylgjast með gengi liðanna.
Sjaldan eða aldrei hafa leikir yngri landsliða kvenna verið jafn margir á einu ári og var árangur liðanna virkilega góður síðastliðið ár. Það að eiga unglingalandslið í milliriðlum ár eftir ár er gríðarlega mikilvægt og gefur stelpunum fleiri og erfiðari leiki sem þroskar þær á þeirri vegferð að verða A- landsliðskonur framtíðarinnar. Það var mikið gæfuspor þegar landsliðsþjálfarar voru ráðnir í fullt starf og hafa þeir Jörundur Áki Sveinsson og Þórður Þórðarson unnið frábært starf með stelpunum og því jákvætt að sambandið skuli vera búið að tryggja sér þeirra starfskrafta áfram. Góður árangur stelpnanna á knattspyrnuvellinum er í samræmi við góðan árangur í líkamlegum prófum leikmanna sem framkvæmd eru á landsliðsæfingum U16, U17 og U19 og greinilegt að félögin leggja metnað í að bæta líkamlega þátt þjálfunarinnar. Við sem knattspyrnuhreyfing þurfum að halda vel á spöðunum því að samkeppnin fer stöðugt harðnandi á alþjóðavísu í knattspyrnu kvenna.
Að lokum vil ég þakka samnefndarmönnum mínum, þjálfurum, öllu starfsfólki liðanna og starfsfólki KSÍ kærlega fyrir samstarfið á árinu.

*Ragnhildur Skúladóttir, formaður*

# Árangur landsliða Íslands á árinu 2018

| | Leikir | | | | Mörk | | Hlutföll | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lið | L | U | J | T | Skoruð | Fengin á si | Sigrar | Jafntefli | Töp | Markamismunur |
| A karla | 15 | 2 | 4 | 9 | 22 | 34 | 13% | 27% | 60% | -12 |
| U21 karla | 9 | 1 | 3 | 5 | 12 | 20 | 11% | 33% | 56% | -8 |
| U19 karla | 5 | 2 | 1 | 2 | 8 | 7 | 40% | 20% | 40% | 1 |
| U18 karla | 2 | 1 | 1 | 0 | 3 | 1 | 50% | 50% | 0% | 2 |
| U17 karla | 15 | 9 | 2 | 4 | 25 | 14 | 60% | 13% | 27% | 11 |
| U16 karla | 3 | 2 | 1 | 0 | 6 | 2 | 67% | 33% | 0% | 4 |
| U15 karla | 4 | 2 | 0 | 2 | 22 | 7 | 50% | 0% | 50% | 15 |
| **Samtals karla** | **53** | **19** | **12** | **22** | **98** | **85** | **36%** | **23%** | **42%** | **13** |

| | Leikir | | | | Mörk | | Hlutföll | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lið | L | U | J | T | Skoruð | Fengin á si | Sigrar | Jafntefli | Töp | Markamismunur |
| A kvenna | 10 | 4 | 3 | 3 | 13 | 8 | 40% | 30% | 30% | 5 |
| U19 kvenna | 11 | 6 | 1 | 4 | 21 | 14 | 55% | 9% | 36% | 7 |
| U17 kvenna | 12 | 9 | 0 | 3 | 24 | 10 | 75% | 0% | 25% | 14 |
| U16 kvenna | 3 | 3 | 0 | 0 | 16 | 0 | 100% | 0% | 0% | 16 |
| **Samtals kvenna** | **36** | **22** | **4** | **10** | **74** | **32** | **61%** | **11%** | **28%** | **42** |

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Samanlagt** | **89** | **41** | **16** | **32** | **172** | **117** | **46%** | **18%** | **36%** | **55** |

***Yfirlit landsleikja ársins má sjá á vef KSÍ***

***Yfirlit þeirra leikmanna sem tóku þátt í verkefnum ársins má sjá á vef KSÍ***

**A landsleikir karla 2018**
https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2018&flokkur=112&felag=136924&mot=37681&mot=37541&mot=37861

**U21 landsleikir karla 2018**
https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2018&flokkur=281&felag=136924&mot=36471&mot=39201&mot=36739

**U19 landsleikir karla 2018**
https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2018&flokkur=380&felag=136924&mot=37782&mot=38442

**U18 landsleikir karla 2018**
https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2018&flokkur=2740&felag=136924&mot=38441

**U17 landsleikir karla 2018**
https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2018&flokkur=421&felag=136924&mot=37801&mot=37802&mot=37963&mot=37961&mot=37661&mot=37881

**U16 landsleikir karla 2018**
https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2018&flokkur=3920&felag=136924&mot=36605&mot=37821

**A landsleikir kvenna 2018**
https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2018&flokkur=112&felag=136924&mot=36881&mot=36453&mot=38181&mot=37561

**U19 landsleikir kvenna 2018**
https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2018&flokkur=380&felag=136924&mot=37761&mot=37781&mot=37741&mot=38561

**U17 landsleikir kvenna 2018**
https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2018&flokkur=421&felag=136924&mot=38481&mot=38254&mot=37421&mot=37722&mot=37721

**U16 landsleikir kvenna 2018**
https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2018&flokkur=3920&felag=136924&mot=38061

# Skýrsla mótanefndar

Mótanefnd KSÍ var skipuð eftirtöldum einstaklingum: Vignir Már Þormóðsson formaður, Björn Friðþjófsson, Ingvar Guðjónsson, Jóhann Steinar Ingimundarson, Róbert B. Agnarsson, Sveinbjörn Másson og Þórarinn Gunnarsson.

Starfsfólk mótamála voru Birkir Sveinsson mótastjóri, Guðlaugur Gunnarsson og Þorvaldur Ingimundarson. Guðlaugur annaðist jafnframt mótahald Knattspyrnuráðs Reykjavíkur, samkvæmt sérstökum samningi KRR og KSÍ, og skipulagði Faxaflóamót í yngri flokkum í samvinnu við félögin sem þar eiga hlut að máli.

**Úrslit leikja og stöðutöflur**
Öll úrslit leikja og helstu stöðutöflur móta á vegum KSÍ eru birt á vef KSÍ og í bókinni *Íslensk knattspyrna 2018* eftir Víði Sigurðsson, sem Tindur gefur út. Þetta er í 17. skiptið sem KSÍ birtir öll úrslit og stöðutöflur í bókinni.

**Flokkun og fjöldi leikja**
Ný framseting er í skýrslunni um flokkun og fjölda leikja frá því sem verið hefur. Þessi framsetning gefur betri yfirsýn yfir fjölda leikja í einstökum aldursflokkum. Leikjum fækkaði um 342 milli ára. Mesta fækkunin er í 5. flokki karla. Þar hefur leikjum fækkað um 13.5% frá árinu 2016 sem skýrist að mestu leyti af fækkun liða því frá árinu 2017 er leikið í 8 manna liðum í 5. flokki. Eftirfarandi töflur veita helstu upplýsingar um mótin 2018 og samanburð við árin á undan.

**Heildarfjöldi KSÍ leikja**

| Leikár | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 | 2012 | 2010 | 2008 | 2006 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Leikir samtals | 5.333 | 5.675 | 5.361 | 5.300 | 5.439 | 5.520 | 5.403 | 5.515 | 4.998 | 5.179 | 4.926 |

| Meistaraflokkur karla | 2018 | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| Íslandsmót og Meistarakeppni | 711 | 741 | 672 |
| Bikarkeppni | 77 | 77 | 73 |
| Deildarbikar | 184 | 188 | 174 |
| Futsal | 52 | 55 | 49 |
| **Samtals:** | **1024** | **1061** | **968** |

| Meistaraflokkur kvenna | 2018 | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| Íslandsmót og Meistarakeppni | 237 | 253 | 247 |
| Bikarkeppni | 27 | 27 | 30 |
| Deildarbikar | 71 | 72 | 76 |
| Futsal | 15 | 15 | 4 |
| **Samtals:** | **350** | **367** | **357** |

| 2. flokkur karla | 2018 | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 350 | 378 | 357 |
| Bikarkeppni | 24 | 24 | 24 |
| **Samtals:** | **374** | **402** | **381** |

| 2. flokkur kvenna | 2018 | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 98 | 87 | 70 |
| Bikarkeppni | 13 | 12 | 13 |
| **Samtals:** | **111** | **99** | **83** |

| 3. flokkur karla | 2018 | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 406 | 384 | 388 |
| Bikarkeppni | 26 | 28 | 27 |
| Íslandsmót 7 manna | 0 | 3 | 0 |
| **Samtals:** | **432** | **415** | **415** |

| 3. flokkur kvenna | 2018 | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 173 | 202 | 163 |
| Bikarkeppni | 20 | 22 | 19 |
| Íslandsmót 7 manna | 0 | 0 | 0 |
| **Samtals:** | **193** | **224** | **182** |

| 4. flokkur karla | 2018 | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 477 | 526 | 447 |
| Íslandsmót 7 manna | 30 | 28 | 33 |
| **Samtals:** | **507** | **554** | **480** |

| 4. flokkur kvenna | 2018 | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 281 | 282 | 261 |
| Íslandsmót 7 manna | 0 | 0 | 18 |
| **Samtals:** | **281** | **282** | **279** |

| 5. flokkur karla | 2018 | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 901 | 987 | 1041 |

| 5. flokkur kvenna | 2018 | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 426 | 466 | 451 |

| 6. flokkur karla | 2018 | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| Pollamót | 309 | 367 | 312 |

| 6. flokkur kvenna | 2018 | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| Hnátumót | 236 | 219 | 212 |

| Eldri flokkur karla | 2018 | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 65 | 89 | 95 |

| Mót fatlaðra* | 2018 | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| Íslandsleikar | 9 | 39** | 12 |

*Leikið í blönduðum liðum / **Alþjóðamót 2017

| Landsleikir karla | 2018 | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| A landslið | 15 | 12 | 17 |
| U21 landslið | 9 | 9 | 5 |
| U18 -19 landslið | 7 | 9 | 5 |
| U15 - U17 landslið | 22 | 12 | 17 |

| Landsleikir kvenna | 2018 | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| A landslið | 10 | 14 | 13 |
| | | | |
| U18 -19 landslið | 11 | 8 | 4 |
| U15 - U17 landslið | 15 | 15 | 15 |

| Evrópuleikir félagsliða karla | 2018 | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| Meistaraflokkur | 16 | 16 | 10 |
| Unglingaflokkur | 2 | 2 | 2 |
| Futsal meistaraflokkur | 3 | 0 | 0 |
| **Samtals:** | **3686** | **3935** | **3748** |

| Evrópuleikir félagsliða kvenna | 2018 | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| Meistaraflokkur | 5 | 7 | 5 |
| **Samtals:** | **1647** | **1740** | **1613** |

**Skipulag móta í meistaraflokki**

Nýtt fyrirkomulag var haft á niðurröðun leikja í landsdeildum. Ekki var dregið í töfluröð líkt og áður. Mótanefnd úthlutaði félögum númer í töfluröðinni sem best uppfylltu óskir viðkomandi félaga. Þannig var reynt að verða við óskum félaga sem best hentaði m.t.t. aðsóknar, ferðalaga o.fl. Nefndin heyrir ekki annað en að þetta hafi mælst vel fyrir.

Pepsi-deild karla hófst 27. apríl og hefur aldrei hafist svo snemma. Það að við byrjuðum svo snemma og erfitt vor gerði það að verkum að nokkur félög þurftu að leika á varavöllum í upphafi móts.

Dregið var úr keppni meðan riðlakeppni HM fór fram. Keppni var ekki stöðvuð með öllu líkt og í tengslum við EM 2016. Var það að mestu sett í hendur viðkomandi félaga hversu langt hlé yrði hjá þeim.

Bikarkeppni KSÍ fékk að nýju nafnið Mjólkurbikarinn. Keppnin bar það nafn síðast árið 1996. Forkeppni mótsins hófst 12. apríl sem er rúmlega viku fyrr en árið áður. Vegna breytinga á Evrópukeppnum félagsliða þurfti að færa úrslitaleikinn í Mjólkurbikarnum frá hefðbundnum tíma í ágúst og var hann nú leikinn um miðjan september. Sennilega er sá dagur kominn til að vera af þessum sökum.

Fjölgað verður í 3. deild karla í 12 lið á keppnistímabilinu 2019. Af þeim sökum fluttust þrjú lið upp úr 4. deildinni 2018 og einungis eitt félag féll úr 3. deildinni. Á haustdögum tilkynntu Huginn og Höttur að þau myndu sameina keppnislið sín í 3. deild. Stjórn KSÍ ákvað því að flytja einnig lið Álftaness úr 4. deild upp í 3. deild.

Vegna landsliðsverkefna þurfti að fresta mörgum leikjum hjá liðum í Inkasso-deild kvenna. Ljóst er að í framtíðinni þarf einnig að gera hlé á keppni þar á viðurkendum landsleikjadögum, líkt og í Pepsi-deild kvenna.

Áfrýjunardómstóll KSÍ komst að þeirri niðurstöðu að endurtaka ætti leik Hugins og Völsungs í 2. deild karla vegna mistaka við dómgæslu í þeim leik (vék leikmanni af leikvelli sem einungis hafði hlotið áminningu). Huginn ákvað svo að mæta ekki til leiks á nýjum leikdegi. Þessi niðurstaða dómstólsins hefur sett fordæmi í þeim tilfellum þegar dómari gerir sambærileg mistök við dómgæslu eins og átti ser stað í þessum leik. Mögulega þarf stjórn KSÍ að bregðast við með einhverjum hætti til að skýra betur hvernig bregðast eigi við þegar svona ástand skapast, t.d. hvernig farið verður með agamál tengd leiknum sem dæmdur var ógildur.

Víkingur Ó tilkynnti ekki þátttöku í meistaraflokki kvenna. Hefur því liðum fækkað um fjögur frá 2016, þ.e. frá því keppni í 2. deild kvenna var tekin upp. Í ár tóku 28 félög þátt í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna.
Tvö félög frá árinu áður tilkynntu ekki þátttöku í meistaraflokki karla - Drangey og Hrunamenn. Fjöldi liða í Íslandsmóti meistaraflokks karla var því 77.

**Lengjubikarinn**
Til þess að minnka árekstra á milli úrslitakeppni A-deildar karla og æfingaferða félaga, var ákveðið í samráði við fulltrúa félaganna að fækka leikdögum í úrslitakeppninni. Var það gert með því að fella niður 8-liða úrslit keppninnar. Fyrirkomulaginu var því breytt á þann veg að sigurvegarar riðlanna fjögurra komust í úrslit og léku til undanúrslita og svo úrslitaleik. Að öðru leyti var Lengjubikarinn leikinn með sama fyrirkomulagi og árið 2017.

**Aðsókn í Pepsi-deild karla 2018**
Alls kom 113.761 áhorfandi á leiki Pepsi-deildar karla á nýliðnu tímabili eða 862 að meðaltali á hvern leik. Þetta er aukning á milli ára, en árið 2017 mættu 110.675 á leiki deildarinnar, eða að meðaltali 838, sem var lakasta aðsóknin í tæpa tvo áratugi. Aukningin í ár er auðvitað sérstaklega ánægjuleg í ljósi þess að um HM-ár var að ræða, og viðbúið að áhorfendum á leikjum innanlands myndi fækka, og ekki síður í ljósi þess að sumarveðrið hafi líklega verið það versta í 100 ár. Flestir komu á leiki 1. umferðar Pepsi-deildar karla í ár en 8.785 áhorfendur mættu á þá leiki sem gerir 1.464 að meðaltali á hvern leik. Fæstir mættu á leiki 11. umferðar en þá mættu 3.819 áhorfendur eða 637 að meðaltali hvern leik. Flestir mættu á heimaleiki Breiðabliks, eða 1.249 að meðaltali á hvern leik. Næst besta aðsóknin var á heimaleiki Íslandsmeistara Vals þar sem 1.207 áhorfendur mættu að meðaltali. Flestir áhorfendur stökum leik voru á viðureign Vals og KR að Hlíðarenda í 1. umferð, 2.489 manns.

| Pepsi-deild karla | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 | 2012 | 2011 | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Samtals | 113.761 | 110.675 | 128.741 | 146.138 | 121.852 | 139.576 | 136.740 | 148.163 | 159.092 | 135.783 |
| Meðaltal á leik | 862 | 838 | 975 | 1.107 | 923 | 1.057 | 1.034 | 1.122 | 1.205 | 1.029 |

**Íslandsmót yngri flokka**
Keppnisfyrirkomulagi í 4. flokki kvenna var breytt. Nú var leikið í þremur getuskiptum riðlum á SV-landi í stað þess að skipta B-riðli í tvo jafna hópa, líkt og undanfarin ár. Fyrirkomulag móta í yngri aldursflokkum var að öðru leyti með hefðbundnu sniði.
Líkt og áður var gríðarlegu magni leikja frestað af hálfu aðildarfélaga, aftur til ágústmánaðar. Var ástandið þannig að sum félög léku nokkurs konar hraðmót í lokin til að klára sína leiki áður en úrslitakeppnir fór fram. Við þetta ástand verður ekki unað lengur.
Að venju var nokkuð um að félög óskuðu eftir flutningi milli riðla/deilda. Var reynt að verða við þeim óskum eins og kostur var.

**Sameiginleg keppnislið**
Ávallt er verulegur fjöldi keppnisliða í íslandsmótum skipaður leikmönnum sem koma frá tveimur eða fleiri félögum samkvæmt heimild í reglugerð. Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir fjölda þessara liða. Athuga ber að bakvið hvert sameiginlegt lið yngri flokka getur verið A, B, C, og D-lið.

**Fjöldi sameiginlegra liða 2018**

| | |
|---|---|
| Meistaraflokkur karla | 5 |
| 2. flokkur karla | 17 |
| 3. flokkur karla | 9 |
| 4. flokkur karla | 6 |
| 5. flokkur karla | 6 |
| Eldri flokkur karla | 2 |

| | |
|---|---|
| Meistaraflokkur kvenna | 4 |
| 2. flokkur kvenna | 7 |
| 3. flokkur kvenna | 9 |
| 4. flokkur kvenna | 9 |
| 5. flokkur kvenna | 4 |
| | |

**Fjöldi liða í mótum**
Yfirlit um fjölda liða í mótum er birt hér aftar í skýrslunni. Í ár tóku 907 keppnislið aðildarfélaga þátt í mótum á vegum KSÍ, 609 lið karla og 298 lið kvenna. Þátttökuliðum karla fækkaði um 29 milli ára, aðallega í 5. og 6. flokki. Liðum kvenna fjölgaði um 1 milli ára.

**Íslandsmót í knattspyrnu innanhúss – Futsal**
15 lið karla og 4 liða kvenna tóku þátt í Íslandsmóti meistaraflokks í knattspyrnu innanhúss. Að venju fóru úrslitaleikir mótsins fram í Laugardalshöll. Vængir Júpiters tóku þátt í UEFA Futsal Cup.

**Vanræksla, agabrot og sektir**

Í reglugerðum er kveðið á um sektir af ýmsum tilefnum. Að venju voru sektir hæstar vegna agamála og vanrækslu á að skrá úrslit og leikskýrslur í gagnagrunn KSÍ á réttum tíma. Einnig var um að ræða sektir vegna ólöglegra leikmanna, seinna úrsagna úr mótum og vegna liða sem ekki mættu til leiks. Í vissum tilfellum ákveða dómstólar KSÍ einnig sektir. Í 11 tilfellum þurfti að sekta félög vegna liða á þeirra vegum sem ekki mættu til leiks. Heildarsektir á félögin voru rúmlega kr. 2,5 milljónir sem er svipuð tala og árið 2017.

| | **2018** | **2017** | **2016** | **2015** | **2014** | **2013** | **2012** | **2011** | **2010** | **2009** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi liða sem hættu þátttöku | 34 | 30 | 29 | 24 | 29 | 41 | 37 | 33 | 28 | 28 |
| Fjöldi leikja þar sem annað liðið mætti ekki | 11 | 6 | 7 | 9 | 6 | 16 | 3 | 15 | 8 | 26 |

**KRR-mót og Faxaflóamót**

KSÍ annast skipulagningu þessara móta skv. sérstöku samkomulagi. Leikjafjöldi kemur fram í neðangreindri töflu. Allir leikir KRR voru í 11 manna liðum en í 4. fl karla og kvenna á Faxaflóamótinu gátu félögin valið um að láta C og/eða D liðin leika í 8 manna liðum í stað þess að leika í 11 manna liðum. Lítilsháttar fjölgun leikja varð á Reykjavíkurmóti KRR en smávægileg fækkun leikja varð á Grunnskólamóti KRR. Hins vegar hafa ekki verið leiknir jafnmargir leikir á Faxaflóamótinu síðan 2011.

| **Heildarfjöldi leikja** | **2018** | **2017** | **2016** | **2015** | **2014** | **2013** | **2012** | **2011** | **2010** | **2009** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KRR-mót | 921 | 913 | 792 | 809 | 795 | 903 | 772 | 1.215 | 1.387 | 1.673 |
| Faxaflóamót | 1.359 | 1.250 | 1.196 | 873 | 844 | 1.316 | 1.053 | 1.378 | 1.231 | 1.294 |

**Lokaorð**

Skipulag móta og utanumhald þeirra mun ávallt vera hornsteinn Knattspyrnusambands Íslands. Sýnir skýrslan vonandi umfang mótahalds ár hvert. Leikjum fækkaði þó lítillega milli ára bæði í yngri flokkum sem og meistaraflokki, en 2017 var metár.

Í fyrsta sinn í sögu Íslandsmótsins var ekki dregið opinberlega í töfluröð í mótum meistaraflokka. Kallað var eftir óskum félaganna og í framhaldinu fengu þau númer í töfluröðinni sem best samræmdist óskum þeirra. Almenn ánægja var meðal aðildarfélaganna með þessar breytingar þó vissulega sé aldrei hægt að gera öllum algjörlega til hæfis. Sami háttur er hafður á nú fyrir komandi leiktíð og hefur niðurröðun þegar verið birt á vef KSÍ. Tel ég okkur vera á réttri leið og þurfum kannski að taka enn stærri skref í þessum efnum.

Mótanefnd hefur líka haft til skoðunar fyrirkomulag móta yngri flokka, núverandi kerfi hefur verið við lýði í langan tíma án mikilla breytinga og kominn tími til að a.m.k. velta upp hugmyndum með mögulegar breytingar í huga.

Að lokum vil ég þakka aðildarfélögunum samstarfið sem og samnefndarmönnum mínum, mótastjóra og öðrum starfsmönnum mótadeildar fyrir þeirra miklu og góðu störf árið 2018.

*Vignir Már Þormóðsson, formaður*

## Þátttaka í mótum utanhúss 2018 - Fjöldi liða

| | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 | 2012 | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 | 1998 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Meistaraflokkur karla | 79 | 81 | 76 | 79 | 79 | 74 | 77 | 75 | 75 | 69 | 69 | 68 | 67 | 63 | 63 | 62 | 55 | 53 | 52 | 55 | 57 |
| Eldri flokkur karla 30+ | 4 | 6 | 6 | 5 | 4 | 5 | 7 | 10 | 11 | 12 | 10 | 9 | 10 | 10 | 15 | 15 | 17 | 18 | 18 | 18 | 17 |
| Eldri flokkur karla 40+ | 6 | 8 | 8 | 9 | 10 | 9 | 11 | 13 | 14 | 14 | 14 | 13 | 15 | 15 | 14 | 10 | 11 | | | | |
| Eldri flokkur karla 50+ | 5 | 6 | 6 | 4 | 4 | 4 | 4 | 5 | | | | | | | | | | | | | |
| 2. flokkur karla | 26 | 27 | 27 | 27 | 28 | 28 | 30 | 32 | 29 | 27 | 29 | 30 | 29 | 30 | 29 | 31 | 26 | 30 | 29 | 28 | 26 |
| 2. flokkur karla B lið | 16 | 18 | 17 | 16 | 17 | 13 | 9 | 8 | 7 | 6 | 6 | 5 | 6 | 5 | 3 | | | | | | |
| 3. flokkur karla | 31 | 29 | 29 | 29 | 29 | 29 | 31 | 29 | 35 | 36 | 32 | 36 | 36 | 35 | 40 | 37 | 34 | 33 | 28 | 32 | 31 |
| 3. flokkur karla B lið | 31 | 20 | 21 | 21 | 24 | 19 | 20 | 22 | 17 | 16 | 23 | 16 | 16 | 15 | 13 | 10 | 9 | 5 | | | |
| 3. flokkur karla C lið | 11 | 9 | 11 | 15 | 9 | 8 | 6 | 0 | 4 | 6 | | | | | | | | | | | |
| 3. flokkur karla 7 manna | 0 | 3 | 0 | 0 | 2 | 9 | 5 | 9 | 6 | 3 | 3 | 6 | 7 | 3 | 4 | 8 | 9 | 19 | 19 | 23 | 26 |
| 4. flokkur karla A lið | 35 | 35 | 35 | 35 | 34 | 36 | 37 | 36 | 36 | 36 | 37 | 42 | 40 | 43 | 43 | 38 | 38 | 33 | 28 | 29 | 27 |
| 4. flokkur karla B lið | 22 | 30 | 26 | 23 | 22 | 24 | 26 | 26 | 24 | 21 | 25 | 21 | 24 | 27 | 24 | 20 | 14 | 15 | 15 | 11 | 8 |
| 4. flokkur karla C lið | 32 | 25 | 22 | 16 | 19 | 21 | 17 | 15 | 12 | 12 | 9 | 11 | 11 | 0 | 6 | 5 | 6 | 6 | | | |
| 4. flokkur karla 7 manna | 6 | 7 | 7 | 2 | 8 | 11 | 8 | 9 | 17 | 15 | 6 | 3 | 15 | 16 | 15 | 14 | 16 | 23 | 29 | 30 | 29 |
| 5. flokkur karla A lið | 43 | 45 | 46 | 45 | 43 | 47 | 45 | 49 | 52 | 50 | 48 | 43 | 49 | 53 | 52 | 58 | 54 | 47 | 46 | 50 | 47 |
| 5. flokkur karla B lið | 45 | 48 | 46 | 46 | 44 | 39 | 41 | 44 | 43 | 38 | 40 | 42 | 45 | 46 | 45 | 46 | 44 | 39 | 41 | 40 | 36 |
| 5. flokkur karla C lið | 36 | 40 | 41 | 43 | 31 | 34 | 39 | 42 | 43 | 33 | 30 | 33 | 28 | 28 | 27 | 23 | 27 | 26 | 25 | 27 | 22 |
| 5. flokkur karla D lið | 48 | 46 | 48 | 38 | 31 | 33 | 31 | 38 | 38 | 28 | 26 | 30 | 23 | 25 | 27 | 19 | 19 | 15 | | | |
| 6. flokkur karla A lið | 34 | 37 | 32 | 42 | 55 | 53 | 42 | 48 | 39 | 51 | 45 | 41 | 40 | 51 | 43 | 46 | 46 | 46 | 45 | 45 | 42 |
| 6. flokkur karla B lið | 36 | 43 | 37 | 45 | 57 | 58 | 45 | 48 | 39 | 42 | 32 | 35 | 38 | 39 | 39 | 35 | 44 | 35 | 34 | 36 | 37 |
| 6. flokkur karla C lið | 37 | 42 | 34 | 46 | 62 | 65 | 33 | 39 | 36 | 25 | 42 | 26 | 24 | 25 | 33 | 25 | 26 | 26 | | | |
| 6. flokkur karla D lið | 26 | 33 | 31 | 34 | 46 | 55 | 34 | 31 | 37 | 25 | 22 | 18 | 22 | 22 | 24 | 25 | 20 | 13 | | | |
| **Alls karla** | **609** | **638** | **606** | **620** | **658** | **674** | **598** | **628** | **614** | **565** | **548** | **528** | **545** | **551** | **559** | **527** | **515** | **508** | **437** | **454** | **432** |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Meistaraflokkur kvenna | 28 | 29 | 32 | 30 | 28 | 27 | 27 | 24 | 26 | 22 | 22 | 24 | 22 | 20 | 21 | 23 | 20 | 17 | 19 | 22 | 21 |
| 2. flokkur kvenna | 15 | 14 | 14 | 12 | 14 | 15 | 16 | 17 | 14 | 13 | 14 | 12 | 10 | 11 | 15 | 14 | 13 | 13 | 13 | 13 | 13 |
| 3. flokkur kvenna | 20 | 22 | 20 | 21 | 21 | 20 | 27 | 27 | 27 | 24 | 19 | 16 | 20 | 22 | 23 | 21 | 17 | 16 | 14 | 14 | 9 |
| 3. flokkur kvenna B lið | 9 | 8 | 6 | 9 | 8 | 5 | 0 | 0 | 0 | 6 | 4 | | | | | | | | | | |
| 3. flokkur kvenna 7 manna | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 5 | 9 | 10 | 10 | 10 | 11 | 13 | 14 | 13 | 18 | 17 | 16 | 16 | 19 | 20 | 20 |
| 4. flokkur kvenna A lið | 28 | 27 | 26 | 26 | 28 | 28 | 27 | 26 | 31 | 28 | 28 | 22 | 22 | 22 | 34 | 33 | 33 | 32 | 30 | 27 | 28 |
| 4. flokkur kvenna B lið | 17 | 19 | 17 | 12 | 15 | 16 | 12 | 10 | 10 | 8 | 8 | 13 | 9 | 6 | 25 | 19 | 20 | 18 | 15 | 16 | 15 |
| 4. flokkur kvenna C lið | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 11 | 6 | 3 | 5 | | | |
| 4. flokkur kvenna 7 manna | 0 | 0 | 4 | 6 | 2 | 10 | 13 | 8 | 12 | 6 | 13 | 17 | 18 | 20 | | | | | | | |
| 5. flokkur kvenna A lið | 31 | 32 | 32 | 31 | 31 | 33 | 33 | 35 | 37 | 37 | 35 | 34 | 32 | 41 | 35 | 27 | 24 | 27 | 29 | 22 | 17 |
| 5. flokkur kvenna B lið | 28 | 32 | 30 | 29 | 26 | 31 | 35 | 33 | 28 | 28 | 28 | 26 | 23 | 30 | 32 | 17 | 17 | 22 | 16 | 17 | 11 |
| 5. flokkur kvenna C lið | 20 | 18 | 14 | 16 | 14 | 13 | 14 | 13 | 12 | 11 | 9 | 10 | 18 | 15 | | | | 5 | | | |
| 5. flokkur kvenna D lið | 9 | 9 | 9 | 11 | 8 | 8 | 9 | 12 | 8 | | | | | | | | | | | | |
| 6. flokkur kvenna A lið | 26 | 26 | 26 | 31 | 35 | 37 | 31 | 30 | 31 | 35 | 25 | 31 | 32 | 33 | | | | | | | |
| 6. flokkur kvenna B lið | 27 | 24 | 25 | 28 | 37 | 34 | 28 | 24 | 29 | 21 | 23 | 12 | 25 | 26 | | | | | | | |
| 6. flokkur kvenna C lið | 22 | 21 | 22 | 24 | 23 | 28 | 14 | 12 | 18 | 19 | 8 | 9 | 7 | | | | | | | | |
| 6. flokkur kvenna D lið | 18 | 16 | 16 | 17 | 15 | 12 | 8 | 7 | 5 | | | | | | | | | | | | |
| **Alls kvenna** | **298** | **297** | **293** | **303** | **307** | **322** | **303** | **288** | **298** | **268** | **247** | **239** | **252** | **259** | **214** | **177** | **171** | **177** | **155** | **151** | **134** |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| **Alls þátttaka** | **907** | **935** | **899** | **923** | **965** | **996** | **901** | **916** | **912** | **833** | **795** | **767** | **797** | **810** | **773** | **704** | **686** | **685** | **592** | **605** | **566** |

# Sigurvegarar í mótum utanhúss 2018

## Íslandsmót

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Pepsi-deild karla** | Valur | **Pepsi-deild kvenna** | Breiðablik |
| **1. deild karla** | ÍA | **1. deild kvenna** | Fylkir |
| **2. deild karla** | Afturelding | **2. deild kvenna** | Augnablik |
| **3. deild karla** | Dalvík/Reynir | | |
| **4. deild karla** | Reynir S | | |
| **Eldri flokkur karla 30+** | Afturelding | | |
| **Eldri flokkur karla 40+** | Valur/KH | | |
| **Eldri flokkur karla 50+** | KR | | |
| **2. flokkur karla** | ÍA/Kári/Skallagrímur | **2. flokkur kvenna** | Breiðablik/Augnablik |
| **2. flokkur karla B-lið** | ÍA/Kári/Skallagrímur | | |
| **3. flokkur karla** | Afturelding | **3. flokkur kvenna** | Valur |
| **3. flokkur karla B-lið** | FH | **3. flokkur kvenna B-lið** | Fjölnir |
| **3. flokkur karla C-lið** | Stjarnan | | |
| **4. flokkur karla** | Stjarnan | **4. flokkur kvenna** | KA |
| **4. flokkur karla B-lið** | Stjarnan | **4. flokkur kvenna B-lið** | Breiðablik |
| **4. flokkur karla C-lið** | Fylkir | | |
| **4. flokkur karla 7 manna** | Sindri | | |
| **5. flokkur karla A-lið** | Stjarnan | **5. flokkur kvenna A-lið** | Breiðablik |
| **5. flokkur karla B-lið** | Stjarnan | **5. flokkur kvenna B-lið** | Breiðablik 2 |
| **5. flokkur karla C-lið** | Víkingur R | **5. flokkur kvenna C-lið** | FH |
| **5. flokkur karla D-lið** | Stjarnan | **5. flokkur kvenna D-lið** | Breiðablik 2 |
| **6. flokkur karla - Pollamót A-lið SV** | Leiknir R | **6. flokkur kvenna - Hnátumót A-lið SV** | Fram |
| **6. flokkur karla - Pollamót B-lið SV** | Leiknir R | **6. flokkur kvenna - Hnátumót B-lið SV** | Fram og HK |
| **6. flokkur karla - Pollamót C-lið SV** | Njarðvík | **6. flokkur kvenna - Hnátumót C-lið SV** | Stjarnan |
| **6. flokkur karla - Pollamót D-lið SV** | Njarðvík | **6. flokkur kvenna - Hnátumót D-lið SV** | HK |
| **6. flokkur karla - Pollamót A-lið NL/AL** | Þór | **6. flokkur kvenna - Hnátumót A-lið NL/AL** | KA |
| **6. flokkur karla - Pollamót B-lið NL/AL** | Þór2 | | |
| **6. flokkur karla - Pollamót C-lið NL/AL** | Þór | | |

## Bikarkeppni

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Borgunarbikar karla** | Stjarnan | **Borgunarbikar kvenna** | Breiðablik |
| **2. flokkur karla** | Fjölnir/Vængir | **2. flokkur kvenna** | FH |
| **3. flokkur karla SV** | HK | **3. flokkur kvenna SV** | Breiðablik/Augnablik |
| **3. flokkur karla AL/NL** | KA | **3. flokkur kvenna AL/NL** | KA |

## Deildarbikarkeppni KSÍ

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Lengjubikar karla - A deild** | Valur | **Lengjubikar kvenna - A deild** | Þór/KA |
| **Lengjubikar karla - B deild** | Völsungur | **Lengjubikar kvenna - B deild** | Fylkir |
| **Lengjubikar karla - C deild** | Ýmir | **Lengjubikar kvenna - C deild** | Keflavík |

## Meistarakeppni KSÍ

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Meistaraflokkur karla** | Valur | **Meistaraflokkur kvenna** | Þór/KA |

## Tölur yfir áhorfendur í Pepsi-deild karla 2018

| | Breiðablil | FH | Fjölnir | Fylkir | Grindavík | ÍBV | KA | Keflavík | KR | Stjarnan | Valur | Víkingur F | Alls heima | Meðaltal | Röð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Breiðablik** | | 1342 | 732 | 1436 | 617 | 1289 | 1221 | 1511 | 1271 | 1546 | 1406 | 1364 | **13.735** | **1249** | 1 |
| **FH** | 1826 | | 730 | 1548 | 316 | 487 | 235 | 1569 | 1640 | 1232 | 1358 | 823 | **11.764** | **1069** | 3 |
| **Fjölnir** | 638 | 1017 | | 504 | 504 | 554 | 1380 | 627 | 1330 | 603 | 1109 | 489 | **8.755** | **796** | 8 |
| **Fylkir** | 967 | 1050 | 1147 | | 680 | 690 | 870 | 750 | 543 | 1230 | 712 | 693 | **9.332** | **848** | 6 |
| **Grindavík** | 479 | 819 | 311 | 728 | | 167 | 107 | 904 | 716 | 542 | 620 | 358 | **5.751** | **523** | 12 |
| **ÍBV** | 754 | 460 | 358 | 1577 | 503 | | 479 | 479 | 489 | 521 | 547 | 406 | **6.573** | **598** | 10 |
| **KA** | 714 | 534 | 824 | 601 | 610 | 660 | | 616 | 865 | 596 | 642 | 944 | **7.606** | **691** | 9 |
| **Keflavík** | 800 | 652 | 520 | 685 | 830 | 501 | 331 | | 584 | 224 | 365 | 350 | **5.842** | **531** | 11 |
| **KR** | 1580 | 1669 | 669 | 1004 | 669 | 899 | 1018 | 601 | | 1012 | 1120 | 501 | **10.742** | **977** | 5 |
| **Stjarnan** | 1150 | 927 | 941 | 903 | 851 | 666 | 811 | 1438 | 1006 | | 1720 | 870 | **11.283** | **1026** | 4 |
| **Valur** | 1428 | 1303 | 908 | 1123 | 853 | 855 | 854 | 1628 | 2489 | 1017 | | 823 | **13.281** | **1207** | 2 |
| **Víkingur R.** | 931 | 763 | 868 | 1370 | 636 | 634 | 680 | 722 | 830 | 640 | 1023 | | **9.097** | **827** | 7 |
| | | | | | | | | | | | | | | | |
| **Alls úti** | **11.267** | **10.536** | **8.008** | **11.479** | **7.069** | **7.402** | **7.986** | **10.845** | **11.763** | **9.163** | **10.622** | **7.621** | ***113.761*** | ***862*** | |
| **Meðaltal** | **1.024** | **958** | **728** | **1.044** | **643** | **673** | **726** | **986** | **1.069** | **833** | **966** | **693** | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | |
| **Röð** | 3 | 6 | 8 | 2 | 12 | 11 | 9 | 4 | 1 | 7 | 5 | 10 | | | |

## Aðsókn fyrir hverja umferð í Pepsi-deild karla 2018

| | *Dagur og dagsetningar* | *Fjöldi áhorfenda* | *Meðaltal* |
|---|---|---|---|
| 1 umferð | Föstudagur 27. apríl - Laugardagur 28. apríl | 8785 | 1464 |
| 2 umferð | Sunnudagur 6. maí - Mánudagur 7. maí | 5913 | 986 |
| 3 umferð | Laugardagur 12. maí - Mánudagur 14. maí | 5897 | 983 |
| 4 umferð | Fimmtudagur 17. maí - Föstudagur 18. maí | 4678 | 780 |
| 5 umferð | Mánudagur 21. maí - Miðvikudagur 23. maí | 5293 | 882 |
| 6 umferð | Sunnudagur 27. maí - Mánudagur 28 . maí | 6214 | 1036 |
| 7 umferð | Sunnuddagur 3. júní - Mánudagur 4. júní | 6385 | 1064 |
| 8 umferð | Föstudagur 8. júní - Sunnudagur 10. júní | 5327 | 888 |
| 9 umferð | Miðvikudagur 13. júní - Fimmtudagur 14. júní | 4490 | 748 |
| 10 umferð | Þriðjudagur 19. júní - Miðvikudagur 20. júní og 12.7 - 16.7 | 4073 | 679 |
| 11 umferð | Sunnudagur 1. júlí - Mánudagur 2. júlí | 3819 | 637 |
| 12 umferð | Fimmtudagur 5. júlí - Mánudagur 9. júlí | 3931 | 655 |
| 13 umferð | Sunnudagur 22. júlí - Mánudagur 23. júlí | 5236 | 873 |
| 14 umferð | Sunnudagur 29. júlí - Mánudagur 30. júlí | 4030 | 672 |
| 15 umferð | Laugardagur 4. ágúst - Miðvikudagur 8. ágúst - 29.8 1.leikur | 6087 | 1015 |
| 16 umferð | Sunnudagur 12. ágúst - Mánudagur 13. ágúst | 4501 | 750 |
| 17 umferð | Laugardagur 18. ágúst - Mánudagur 20. ágúst | 4831 | 805 |
| 18 umferð | Laugardagur 25. ágúst - Mánudagur 27. ágúst | 4969 | 828 |
| 19 umferð | Föstudagur 31. ágúst - Sunnudagur 2. september | 4593 | 766 |
| 20 umferð | Miðvikudagur 19. september | 4308 | 718 |
| 21 umferð | Sunnudagur 23. september | 4481 | 747 |
| 22 umferð | Laugardagur 29. september | 5920 | 987 |
| | | | |
| *Samtals* | | *113761* | *862* |

## Tölur yfir áhorfendur í Pepsi-deild kvenna 2018

| | Breiðablik | FH | Grindavík | HK/Víkingur | ÍBV | KR | Selfoss | Stjarnan | Þór/KA | Valur | Alls heima | Meðaltal | Röð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Breiðablik** | | 229 | 355 | 142 | 264 | 129 | 433 | 355 | 342 | 176 | 2425 | 269 | 2 |
| **FH** | 132 | | *201* | 126 | 77 | *156* | *176* | 132 | 132 | *147* | 1279 | 142 | 6 |
| **Grindavík** | *159* | *160* | | 101 | 65 | 105 | *165* | 60 | 87 | 110 | 1012 | 112 | 10 |
| **HK/Víkingur** | *212* | 290 | *237* | | 148 | *194* | *210* | 270 | 112 | *180* | 1853 | 206 | 4 |
| **ÍBV** | *148* | *169* | *191* | *137* | | 75 | 81 | *165* | *156* | *147* | 1269 | 141 | 8 |
| **KR** | 81 | 210 | 230 | 68 | 102 | | 122 | 65 | *147* | 100 | 1125 | 125 | 9 |
| **Selfoss** | 248 | *196* | 327 | 101 | 121 | 258 | | *190* | 85 | 169 | 1695 | 188 | 5 |
| **Stjarnan** | 270 | 50 | 120 | 70 | *141* | *157* | 170 | | *155* | 139 | 1272 | 141 | 7 |
| **Þór/KA** | 421 | 324 | 374 | 364 | 234 | 210 | 254 | 304 | | 214 | 2699 | 300 | 1 |
| **Valur** | *224* | *220* | *244* | 150 | *190* | 290 | 280 | 180 | 288 | | 2066 | 230 | 3 |
| | | | | | | | | | | | | | |
| **Alls úti** | 1895 | 1848 | 2279 | 1259 | 1342 | 1574 | 1891 | 1721 | 1504 | 1382 | **16695** | **186** | |
| **Meðaltal** | 211 | 205 | 253 | 140 | 149 | 175 | 210 | 191 | 167 | 154 | | | |

*Ath. Skáletraðar aðsóknartölur á staka leiki eru áætlaðar.*

## Þátttaka í mótum innanhúss 2010 - 2017 - Fjöldi liða

| | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 | 2012 | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Meistaraflokkur karla** | **16** | **16** | **15** | **18** | **19** | **12** | **12** | **17** | **13** |
| 2. flokkur karla | | | | | 7 | 8 | 9 | 11 | 9 |
| 3. flokkur karla | | | | | 10 | 14 | 15 | 10 | 16 |
| 4. flokkur karla | | | | | 6 | 13 | 16 | 13 | 19 |
| 5. flokkur karla | | | | | 12 | 15 | 20 | 16 | 19 |
| **Alls karla** | | | | | **54** | **62** | **72** | **67** | **76** |
| | | | | | | | | | |
| **Meistaraflokkur kvenna** | **6** | **6** | **3** | **8** | **8** | **8** | **6** | **6** | **4** |
| 2. flokkur kvenna | | | | | 6 | 8 | 15 | 10 | 8 |
| 3. flokkur kvenna | | | | | 14 | 10 | 13 | 14 | 19 |
| 4. flokkur kvenna | | | | | 13 | 12 | 14 | 12 | 16 |
| 5. flokkur kvenna | | | | | 4 | 12 | 13 | 11 | 14 |
| **Alls kvenna** | | | | | **45** | **50** | **61** | **53** | **61** |
| | | | | | | | | | |
| **Alls þátttaka** | **22** | **22** | **18** | **26** | **99** | **112** | **133** | **120** | **137** |

## Sigurvegarar í Futsal-innanhússmótum 2018

### Íslandsmót

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Meistaraflokkur karla** | Vængir Júpíters | **Meistaraflokkur kvenna** | Álftanes |

# Skýrsla dómaranefndar

Breytingar urðu á skipan dómaranefndar 2018. Einar Sigurðsson, Gísli Björgvinsson og Gísli Gíslason hættu í nefndinni og er þeim þakkað fyrir þeirra framlag. Ingi Sigurðsson kom nýr inn í nefndina í byrjun starfsárs. Nefndin var skipuð eftirtöldum aðilum: Kristinn Jakobsson formaður, Borghildur Sigurðardóttir, Bragi V. Bergmann, Ingi Sigurðsson, Jón Sigurjónsson og Viðar Helgason.
Magnús Jónsson og Pjetur Sigurðsson önnuðust umsjón dómaramála KSÍ. Annað starfsfólk mótamála sinnti einnig margvíslegum verkefnum tengdum dómaramálum.

**Nýir og hættir landsdómarar**
Nýir landsdómarar árið 2018 voru Antoníus Bjarki Halldórsson, Arnar Ingi Ingvarsson, Atli Haukur Arnarsson, Ásmundur Þór Sveinsson, Eydís Ragna Einarsdóttir, Eysteinn Hrafnkelsson, Guðmundur Ingi Bjarnason, Gunnar Freyr Róbertsson, Gunnar Oddur Hafliðason, Helgi Ólafsson, Ragnar Þór Bender og Steinar Gauti Þórarinsson. Þeir Valdimar Pálsson og Vilhelm Adolfsson komu aftur inn í landsdómarahópinn eftir hlé. Eftirtaldir landsdómarar létu af störfum eftir tímabilið 2017: Gunnar Jarl Jónsson, Halldór Breiðfjörð, Sigurður Óli Þórleifsson, Steinar Berg Sævarsson og Tómas Orri Hreinsson. Er þeim þakkað fyrir þeirra framlag í gegnum tíðina.

**Störf landsdómara**
Sérstakt yfirlit fylgir skýrslunni sem sýnir nöfn dómara ásamt sundurliðuðum fjölda verkefna þeirra. Ótaldir eru leikir í úrslitakeppnum yngri flokka, leikir hjá eigin félögum, æfingaleikir og innanhússmót. Tafla fylgir einnig skýrslunni þar sem birt er yfirlit yfir alþjóðleg störf dómara.

**Innlend störf landsdómara**

| *Ár* | *Dómari* | *Aðstoðardómari* | *Varadómari* | *Samtals* |
|---|---|---|---|---|
| 2018 | 937 | 993 | 209 | 2.139 |
| 2017 | 945 | 887 | 204 | 2.036 |
| 2016 | 942 | 761 | 195 | 1.898 |
| 2015 | 912 | 825 | 64 | 1.801 |
| 2014 | 936 | 877 | 48 | 1.861 |
| 2013 | 985 | 874 | 52 | 1.911 |
| 2012 | 943 | 834 | 48 | 1.825 |
| 2011 | 1.065 | 706 | 40 | 1.811 |
| 2010 | 881 | 931 | 44 | 1.856 |
| 2009 | 906 | 898 | 51 | 1.855 |
| 2008 | 703 | 694 | 68 | 1.465 |
| 2007 | 676 | 527 | 39 | 1.252 |
| 2006 | 680 | 537 | 42 | 1.259 |
| 2005 | 687 | 606 | 36 | 1.329 |

**Aðrir KSÍ-dómarar**
Um 150 aðrir dómarar (D hópur) störfuðu einnig við þar sem landsdómara er ekki krafist, bæði fyrir KSÍ og beint fyrir félögin. Þetta eru mikilvæg störf í 3. deild karla, 4. deild karla, Inkasso og 2. deild kvenna, svo og sem aðstoðardómarar í Pepsi-deild kvenna og í Inkasso og 2. deild karla. Taflan sýnir fjölda starfa D dómara í meistaraflokkum karla og kvenna.

**Innlend störf KSÍ dómara**

| *Ár* | *Störf sem dómari* | *Störf sem aðstoðardómari* | *Verkefni samtals* |
|---|---|---|---|
| 2018 | 775 | 1.887 | 2.453 |
| 2017 | 614 | 1.933 | 2.609 |
| 2016 | 617 | 1.908 | 2.525 |
| 2015 | 663 | 1.895 | 2.558 |
| 2014 | 594 | 2.010 | 2.604 |
| *Frh.* | | | |
| 2013 | 773 | 1.747 | 2.520 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 2012 | 229 | 1.510 | 1.739 |
| 2011 | 324 | 1.279 | 1.603 |
| 2010 | 382 | 1.357 | 1.739 |
| 2009 | 248 | 1.199 | 1.447 |
| 2008 | 443 | 793 | 1.236 |
| 2007 | 321 | 887 | 1.208 |
| 2006 | 283 | 745 | 1.028 |
| 2005 | 270 | 742 | 1.012 |

**Futsal**

| **Innlend störf KSÍ Futsal dómara** | **2018** | **2017** | **2016** | **2015** | **2014** | **2013** | **2012** | **2011** | **2010** | **2009** | **2008** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Störf sem dómari | 201 | 140 | 106 | 174 | 180 | 176 | 84 | 84 | 116 | 50 | 112 |

Á töflunni hér að neðan sést fjöldi þeirra starfa þar sem KSÍ sér um að tilnefna dómara.

| **Fjöldi dómarastarfa sem KSÍ raðar dómurum á** | **2018** | **2017** | **2016** | **2015** | **2014** | **2013** | **2012** | **2011** | **2010** | **2009** | **2006** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4.592 | 4.785 | 4.423 | 4.735 | 4.465 | 4.431 | 3.830 | 3.606 | 3.595 | 3.248 | 2.259 |

**Niðurröðun**
Eins og sést á töflunni hér að ofan hefur orðið mikil aukning á þeim störfum þar sem KSÍ sér um að tilnefna dómara. Frá árinu 2006 til 2018 er aukningin rúmlega 100%. Á stórum helgum er skrifstofa KSÍ oft ábyrg fyrir mönnun á um 150 störfum.  Á Suðvesturhorninu gengur mönnunin tiltölulega vel en á Norður- og Austurlandi er úrbóta þörf. Án aðkomu félaganna mun ástandið haldast óbreytt.
Sú nýbreytni var tekin upp á árinu 2016 að raðað var niður á leiki viku fyrir viku í stað 6 vikna áður. Með þessari breytingu er auðveldara fyrir niðurröðunarnefnd að hafa frammistöðuna til grundvallar þegar raðað er niður á leiki. Í heildina hefur þetta fyrirkomulag gengið vel og ljóst að með því er KSÍ að vinna eftir sömu aðferðarfræði og notuð er víðast hvar annarsstaðar í Evrópu.

**Nýtt fastlaunakerfi**
Á árinu var skrifað undir nýjan samning milli KSÍ og félags deildardómara. Sú nýbreytni er í samningnum að 25 landsdómarar verða aðilar að svonefndu fastlaunakerfi. Það felur það í sér að þeir eru á föstum launum yfir vetrartímann í 7 mánuði. Markmið fastlaunakerfisins er eftirfarandi:

1. Viðurkenning á vinnuframlagi dómara sem starfa á efsta stigi innan íslenskrar knattspyrnu allan ársins hring.
2. Að koma til móts við auknar kröfur sem gerðar eru til dómara og til að fjölga dómurum af báðum kynjum sem taka að sér dómarastörf á efsta stigi.
3. Að gera dómurum kleift að sinna þeim skyldum sem störfum knattspyrnudómara fylgja utan hefðbundis leiktímabils.

Dómarar sem eru í fastlaunakerfinu hverju sinni þurfa að sinna fræðsluskyldu og/eða aðstoð við yngri/óreyndari dómara.

**Milliríkjadómarar og erlend verkefni**
Tvær breytingar voru á milliríkjadómarahópnum frá 2017. Dómararnir Bríet Bragadóttir og Ívar Orri Kristjánsson komu ný inn á FIFA-listann. Gunnar Jarl Jónsson lagði flautuna á hilluna og datt þar af leiðandi út af FIFA-listanum. Íslenskir dómarar á milliríkjadómaralista FIFA voru þessir árið 2018:

| | | |
|---|---|---|
| FIFA-dómarar: | Bríet Bragadóttir | Ívar Orri Kristjánsson |
| | Vilhjálmur Alvar Þórarinsson | Þorvaldur Árnason |
| | Þóroddur Hjaltalín | |
| FIFA-aðstoðardómarar: | Andri Vigfússon | Birkir Sigurðarson |

| | |
|---|---|
| Bryngeir Valdimarsson | Frosti Viðar Gunnarsson |
| Gylfi Már Sigurðsson | Jóhann Gunnar Guðmundsson |
| Oddur Helgi Guðmundsson | Rúna Kristín Stefánsdóttir |

FIFA-Futsal-dómari: Aðalbjörn Heiðar Þorsteinsson

Öll alþjóðleg verkefni íslenskra dómara árið 2018 koma fram í sérstöku yfirliti.

**Erlend verkefni**
Íslenskir dómarar störfuðu við leiki á erlendri grundu árið 2018. Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit yfir fjölda starfa íslenskra dómara á erlendri grundu frá árinu 2003.

| **2018** | ***2017*** | **2016** | **2015** | **2014** | **2013** | **2012** | **2011** | **2010** | **2009** | **2008** | **2007** | **2006** | **2005** | **2004** | **2003** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 43 | *37* | 41 | 44 | 51 | 51 | 38 | 30 | 35 | 29 | 27 | 31 | 29 | 26 | 33 | 23 |

**Vilhjálmur dæmdi leik í Þjóðadeildinni**
Vilhjálmur Alvar Þórarinsson dæmdi leik Andorra og Kasakstan í hinni nýstofnuðu Þjóðadeild UEFA. Í Þjóðadeildinni er notast við *6 dómara kerfi*. Jóhann Gunnar Guðmundsson og Birkir Sigurðarson störfuðu sem aðstoðardómarar í leiknum, Þóroddur Hjaltalín og Ívar Orri Kristjánsson voru aukaaðstoðardómarar og Frosti Viðar Gunnarsson var 4. maður.

**Norræn dómaraskipti**
Norræn dómaraskipti hófust árið 2005 og er tilgangur þeirra að auka þekkingu og reynslu dómara. Fulltrúar Íslands árið 2018 voru Helgi Mikael Jónasson dómari og Gylfi Tryggvason aðstoðardómari sem dæmdu leik Falkenberg og Jönköping í Svíþjóð, og Sigurður Hjörtur Þrastarson dómari og Eðvarð Eðvarðson aðstoðardómari sem dæmdu leik HB og AB í Færeyjum. Til Íslands komu Bjarki Danielsen dómari og Sámal Weihe aðstoðardómari frá Færeyjum sem dæmdu leik Þróttar og ÍR, og Marius Hansen Grötta dómari og Jörgen Rönning Valstadsve aðstoðardómari frá Noregi sem dæmdu leik Fram og Njarðvíkur.
Norðurlandamót U17 karla var haldið í Færeyjum. Elías Ingi Árnason dómari, Kristján Már Ólafsson aðstoðardómari og Viðar Helgason eftirlitsmaður voru fulltrúar Íslands á mótinu.
Eydís Ragna Einarsdóttir var aðstoðardómari á NM U17 kvenna sem fram fór í Noregi í júlí.

**Dómaraskipti við England, Færeyjar og Wales**
Egill Arnar Sigurþórsson og Einar Ingi Jóhannsson voru fulltrúar Íslands í dómaraskiptunum við England. Þeir fylgdu eftir dómara sem dæmdi leik í ensku úrvalsdeildinni og fylgdust með undirbúningsfundum ensku úrvalsdeildardómaranna fyrir eina leikhelgina. Egill dæmdi leik U23 liða Bolton og Watford, og Einar dæmdi leik U23 leik Burnley og Crewe Alexandra.
Anthony Coggins og Nick Hopton komu frá Englandi. Anthony dæmdi leiki Magna og HK sem og leik Selfoss og Fram, og var 4. dómari í leik Fjölnis og ÍBV. Nick var aðstoðardómari í leik Fjölnis og ÍBV sem og í leik Selfoss og Fram. Einnig var var hann 4. dómari í leik Magna og HK. Dómaraskipti við Wales voru á döfinni fimmta árið í röð. Egill Arnar Sigurþórsson dæmdi leik Cefn Druids og Aberystwyth Town í efstu deildinni í Wales. Gunnar Helgason var aðstoðardómari í leiknum. Walesverjinn Rob Jenkins dæmdi síðan leik KR og ÍBV í Pepsi-deild karla. Honum til aðstoðar var Martin W. Roberts. Dómaraskipti við Færeyjar fóru ekki fram þetta árið. Vel tókst til í þessum dómaraskiptum og engin spurning að þessi reynsla er gott innlegg í reynslubanka þeirra dómara sem tóku þátt í verkefnunum.

**Þrekæfingar dómara**
Fannar Karvel Steindórsson, sem getið hefur sér gott orð sem þrekþjálfari hjá mörgum afrekshópum, sá um þrekþjálfun dómara í ár . Boðið er upp á tvær sameiginlegar æfingar á viku. Önnur á hlaupabrautinni í Kórnum og hin í líkamsræktarstöðinni Spörtu. Allir landsdómararnir eru með kort í líkamsræktarstöð. Eins og undanfarin ár eru landsdómarnir með púlsklukkur og ber þeim að skila niðurstöðum úr púlsklukku til þrekþjálfara á hálfsmánaðar fresti. Þetta fyrirkomulag auðveldar þjálfara að fylgjast með ástundun hvers og eins og einnig til að leiðbeina viðkomandi dómurum um hvort þeir séu að æfa rétt. Í mars og júlí þurfti landsdómarahópurinn að standast þrekpróf til að geta starfað á þeim leikjum þar sem landsdómara er krafist. UEFA fer einnig fram á að þjálfari skili inn niðurstöðum úr púlsklukkum og þrekprófum allra dómara sem dæma í efstu deildum í aðildarlöndunum.
Þóroddur Hjaltalín sá um utanhald æfinganna á Norðurlandi.

**Landsdómararáðstefnur og fræðslufundir**
Þrjár landsdómararáðstefnur voru haldnar á árinu - í febrúar, apríl og nóvember, auk tveggja sumarfunda með Pepsi-deildardómurum í júní og ágúst. Aðalfyrirlesari á mars ráðstefnunni var Craig Pawson en hann er einn virtasti dómarinn í ensku úrvalsdeildinni.

**Dómaranámskeið**
Á árinu voru haldin um 18 byrjendadómaranámskeið víðs vegar um landið hjá þeim félögum sem þess óskuðu. Kennarar á námskeiðunum voru Magnús Jónsson og Þóroddur Hjaltalín. Á byrjendanámskeiðunum er fyrst og fremst lögð áhersla á að kenna knattspyrnulögin. Námskeiðin eru stutt en hnitmiðuð og markmiðið með þeim er fyrst og fremst að hjálpa félögunum að búa til dómarahópa til þess að manna þá fjölmörgu leiki sem eru á þeirra ábyrgð. Mikilvægt er að þau félög sem panta til sín byrjendanámskeið leggi vinnu í það að fá inn fólk á námskeiðið sem nýtist þeim og styrki það starf sem fyrir er. Það að boða eingönungu 3. flokk félagsins og láta þar við sitja er ekki vænlagt til árangurs.
Þeir sem hafa áhuga á því að mennta sig meira í dómarafræðum sækja síðan aðstoðardómaranámskeið, dómaranámskeið og héraðsdómaranámskeið, en KSÍ stendur árlega fyrir nokkrum slíkum.
Þá buðu Háskólinn í Reykjavík, Verkmenntaskólinn á Akureyri, Ármúlaskólinn og Kennaraháskóli Íslands upp á unglingadómaranámskeið sem valfag. Þróun í fjölda nýrra unglingadómara hin síðari ár hefur verið þessi:

**Nýir unglingadómarar**

| 2018 | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 | 2012 | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 203 | 228 | 473 | 513 | 462 | 449 | 288 | 452 | 511 | 443 | 352 | 268 | 227 | 169 |

**Héraðsdómaranámskeið**
Kristinn Jakobsson og Þóroddur Hjaltalín voru kennarar á héraðsdómaranámskeiðunum.

**Virkir dómarar**

| Virkir dómarar | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 | 2012 | 2011 | 2010 | 2009 | 2006 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 937 | 1.016 | 1.103 | 1.664 | 1.159 | 1.661 | 1.415 | 1.341 | 1.013 | 954 | 774 |

**Ráðstefnur og námskeið erlendis**
Fannar Karvel Steindórsson og Magnús Jónsson sátu námskeið á vegum FIFA/UEFA fyrir dómarakennara (Referee Assistance Programme) í Búlgaríu í febrúar. Kristinn Jakobsson sótti eftirlitsmannanámskeið á vegum UEFA sem haldið var í Amsterdam í lok nóvember. Pjetur Sigurðsson og Kristinn Jakobsson sóttu PGMOL ráðstefnu í Englandi í júní, en þar er um að ræða stærstu dómararáðstefnuna í Englandi þar sem saman koma allir dómarar og eftirlitsmenn sem starfa við ensku deildirnar.

**Norræna dómaranefndarráðstefnan**
Norræna dómaranefndarráðstefnan var haldin á Danmörku í lok ágúst. Á ráðstefnunni koma saman dómarastjórar Norðurlandanna ásamt þremur til fjórum dómaranefndarmönnum frá hverju landi og bera saman bækur sínar. Fulltrúar Íslands á ráðstefnunni voru Bragi Bergmann, Gylfi Þór Orrason, Jón Sigurjónsson og Magnús Jónsson. Næsta ráðstefna verður í Færeyjum 2019.

**Átaksverkefni ungra dómara**
Á haustmánuðum 2015 var hleypt af stokkunum átaksverkefni fyrir unga dómara. Þátttakendur voru valdir úr hópi dómara á aldrinum 17-25 ára. 10 einstaklingar tóku þátt í verkefninu í ár. Átaksverkefnið var tilraunaverkefni sem sannað hefur gildi sitt og er klárlega komið til að vera. Stefnt að því að hafa12 - 15 þátttakendur í verkefninu að staðaldri.

**Átaksverkefni í fjölgun kvendómara**
Um haustið 2017 var farið af stað með átak til þess að fjölga kvendómurum. Dómarastjórar Breiðabliks, FH, Fylkis og ÍA voru boðaðir á fund með fulltrúum KSÍ og farið yfir stöðu mála hjá þeim. Í framhaldinu var búinn til hópur kvendómara frá þessum félögum. Því miður skilaði sú vinna sér ekki í fjölgun kvendómara en ljóst er að um langtíma markmið að ræða. Vinnan mun halda áfram og mun reynslan frá síðasta ári vera höfð til hliðsjónar.

**Eftirlit með leikjum og störfum dómara**
KSÍ býður upp á fjórar þjálfaragráður - Markmannsþjálfaragráðu KSÍ, Afreksþjálfun unglinga, KSÍ B og KSÍ A þjálfaragráður. Allar þessar þjálfargráður hafa hlotið gæðastimpil UEFA og eru viðurkenndar í öllum löndum Evrópu. 463 þjálfarar eru með KSÍ B gráðuna (422 karlar og 41 kona) og 266 þjálfarar hafa lokið við KSÍ A gráðu til viðbótar (241 karlar og 25 konur). Sjö þjálfarar hafa lokið markmannsþjálfaragráðu KSÍ og tíu hafa lokið UEFA A markmannsþjálfaragráðu. Auk þess hafa 19 þjálfarar lokið við UEFA Pro þjálfaragráðu á erlendri grundu.
KSÍ hefur náð samkomulagi við sjö knattspyrnusambönd um að íslenskir þjálfarar með KSÍ A þjálfaragráðu geti sótt um sæti á UEFA Pro námskeiðum þeirra. Í dag eru Kristján Guðmundsson og Óli Stefán Flóventsson á norsku Pro gráðunni, Freyr Alexandersson á dönsku Pro gráðunni og Rúnar Páll Sigmundsson á þeirri sænsku. Arnar Grétarsson og Dean Martin hefja nám á skosku Pro gráðunni í janúar 2019 og Srdjan Tufegdzic á þeirri írsku sömuleiðis í janúar 2019.
Fræðslunefnd ákvað að keyra KSÍ A þjálfaranámskeið árlega frá og með haustinu 2018. Það voru 12 þjálfarar sem hófu námið í september 2018 og stefna þeir á að útskrifast vorið 2019. Venjan var að halda KSÍ A annað hvert ár og sátu um 25 þjálfarar hvert námskeið. Strax er mjög góð reynsla af því að vera með einungis 12 þjálfara, þar sem hver og einn þjálfari fær nú meiri athygli frá kennurum námskeiðsins.
Þjálfarar þurfa svo að viðhalda þjálfaragráðunni sinni með 15 tíma endurmenntun á 3 ára fresti. KSÍ býður reglulega upp á endurmenntunarnámskeið.
Fræðsluvefur KSÍ var áfram veigamikill þáttur í uppbyggingu fræðslustarfs KSÍ og þar er að finna mikið af fjölbreyttum upplýsingum sem gagnast þjálfurum í starfi.

**Námskeiðahald**
KSÍ hélt 40 fræðsluviðburði á árinu fyrir 1.143 þátttakendur. 40 fræðsluviðburðir er metfjöldi viðburða á einu ári og aldrei hafa fleiri sótt fræðsluviðburði á einu ári. Aldrei áður hefur KSÍ haldið jafn mörg námskeið sem eru hluti af UEFA þjálfaragráðum eða 27 talsins, og þátttaka á UEFA/KSÍ námskeiðum hefur sömuleiðis aldrei verið meiri en að þessu sinni sótti 629 þjálfarar UEFA/KSÍ námskeið. KSÍ býður, sem fyrr segir, upp á fjórar þjálfaragráður; KSÍ A þjálfaragráðu, KSÍ B þjálfaragráðu, KSÍ Markmannsþjálfaragráðu og KSÍ Afreksþjálfun unglinga.
Eins og undanfarin ár bárum við gæfu til þess að hafa mjög hæfa kennara á námskeiðunum okkar og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

**Erlend samskipti**
Fulltrúar KSÍ sóttu fjölmargar ráðstefnur á árinu, en hér fyrir neðan eru þær helstu:

- Arnar Bill Gunnarsson og Erik Hamrén sóttu ráðstefnu FIFA í september þar sem HM í Rússlandi var gert upp.
- Dagur Sveinn Dagbjartsson sótti leikgreiningarráðstefnu í Prag í september.
- Fjölmargir erlendir aðilar komu hingað til lands til að kynna sér íslenska knattspyrnu.
- Arnar Bill Gunnarsson og Hákon Sverrisson, kennari á þjálfaranámskeiðum KSÍ, sóttu Norðurlandaráðstefnu um þjálfaramenntun í Noregi, dagana 3.-6. desember.

**Fræðsluverkefni UEFA - UEFA Study Group Scheme**
KSÍ tók áfram þátt í stóru fræðsluverkefni á vegum UEFA á árinu sem nefnist *UEFA Study Group Scheme*. Verkefnið snýst um að kynnast ólíkum þáttum knattspyrnunnar í öðrum knattspyrnusamböndum innan Evrópu. Verkefnið hefur verið í gangi síðan 2008 og þátttakendur í fræðsluverkefnunum hafa verið starfsmenn KSÍ, nefndarfólk, sérfræðingar og fulltrúar frá aðildarfélögum KSÍ.
Dagur Sveinn Dagbjartsson, Guðlaugur Gunnarsson, Valdimar Pálsson, Guðberg Jónsson og Eva Rut Vilhjálmsdóttir fóru til Prag í apríl þar sem viðfangsefnið var grasrótarmál.
KSÍ sendi síðan markmannsþjálfarana Halldór Björnsson, Ólaf Pétursson og Þorstein Magnússon til Finnlands í desember þar sem viðfangsefnið var markmannsþjálfun.

**Styrkir KSÍ til fræðslumála**

KSÍ veitti sjö fræðslustyrki á árinu. Styrkur KSÍ var í formi farseðils á áfangastað Icelandair og til baka. Markmiðið með þessum styrkjum er að auðvelda áhugasömum aðilum í knattspyrnuhreyfingunni að sækja sér fræðslu erlendis. Styrkþegar skila svo inn skýrslu um ferð sína á fræðsluvef KSÍ. Eftirfarandi styrkir voru veittir á þessu ári:

- Rúnar Páll Sigmundsson vegna UEFA Pro námskeiðs í Svíþjóð
- Haraldur Sigurðsson fór á sjúkraþjálfararáðstefnu í Glasgow
- Amir Mehica heimsótti Lech Poznan í Póllandi og kynnti sér markmannsþjálfun
- Þórður Einarsson sat námskeið í Finnlandi um áætlanagerð
- Sigurður Heiðar Höskuldsson sat námskeið í Finnlandi um áætlanagerð
- Gunnar Jarl Jónsson sótti ráðstefnu NCAA í Chicago.
- Ingvi Sveinsson sótti ráðstefnu NCAA í Chicago

**Þjálfaraskóli KSÍ**

Þjálfaraskóli KSÍ stendur áfram öllum þjálfurum aðildarfélaganna til boða og er hugmyndin á bak við skólann að reyndur KSÍ kennari deili reynslu sinni og þekkingu. Aðildarfélögin og KSÍ deila kostnaðinum við kennsluna og skólinn telur einnig sem endurmenntun fyrir þjálfara. Allir þjálfarar sem ætla sér að taka UEFA B prófið, sem haldið er í apríl ár hvert, þurfa að taka KSÍ B þjálfaraskólann. Allir þjálfarar sem sækja um að komast á KSÍ VI þjálfaranámskeiðið þurfa að taka KSÍ A þjálfaraskólann, en árið 2015 var í fyrsta sinn boðið upp á hann. Þjálfaraskólinn er því orðinn hluti af UEFA A og UEFA B þjálfaragráðunni.
27 þjálfarar tóku KSÍ B þjálfaraskólann á árinu og 13 tóku KSÍ A þjálfaraskólann. Alls tóku því 40 þjálfarar Þjálfaraskóla KSÍ árið 2018.

**Lokaorð**

Að ofantöldu má sjá að verkefni fræðsludeildar eru ærin og hefur mikil fjölgun viðburða og þátttakenda átt sér stað undanfarin ár. Það er ánægjulegt að sjá hversu tilbúnir þjálfarar eru til að bæta við sig þekkingu, og óhætt er að segja að menntaðir þjálfarar gegni lykilhlutverki í þeim árangri sem náðst hefur á síðustu árum. Þeir samningar sem gerðir hafa verið við knattspyrnusamböndin í kringum okkur um þátttöku í Pro þjálfaragráðunni er mikið framfaraskref, en með því er þjálfurum gert kleift að sækja sér æðstu þjálfaragráðu UEFA. Fjöldi kennara kemur að menntun þjálfara þó að skipulag og utanumhald sé í höndum þeirra Arnars Bill Gunnarssonar fræðslustjóra og Dags Sveins Dagbjartssonar starfsmanns fræðsludeildar, en þeir sinna því starfi af miklum áhuga og eljusemi. Að lokum vil ég þakka samnefndarmönnum mínum og starfsmönnum KSÍ fyrir ánægjulegt samstarf á árinu.

*Ragnhildur Skúladóttir, formaður*

**Fræðsluviðburðir KSÍ árið 2018**
***Alls 40 fræðsluviðburðir og 1.143 þátttakendur***

| Dags. | Viðburður | Þátttakendur |
|---|---|---|
| 5.-7. janúar | KSÍ III þjálfaranámskeið | 64 |
| 15. janúar - 15. mars | KSÍ VII þjálfaranámskeið | 28 |
| 18. janúar | Súpufundur KSÍ - Jochen Kemmer | 26 |
| 19.-21. janúar | KSÍ IV A þjálfaranámskeið | 40 |
| 19.-21. janúar | KSÍ Afreksþjálfun unglinga | 17 |
| 26.-28. janúar | KSÍ Markmannsþjálfaragráða | 12 |
| 26.-28. janúar | KSÍ II þjálfaranámskeið á Akureyri | 17 |
| 27. janúar | Fundur yfirþjálfara - Starfsumhverfi yfirþjálfara yngri flokka | 20 |
| 2.-4. febrúar | KSÍ Afreksþjálfun unglinga | 17 |
| 9. febrúar | Málþing um stöðu og framtíð knattspyrnunnar á Íslandi | 96 |
| 9.-11. febrúar | KSÍ I þjálfaranámskeið í Ólafsvík | 6 |
| 21. febrúar | Meiðsli - meðhöndlun og fyrirbyggjandi aðgerðir | 32 |
| 23.-25. febrúar | KSÍ IV B þjálfaranámskeið | 38 |
| 14. mars | Fundur yfirþjálfara - Mótamál | 20 |
| 11. apríl | Súpufundur KSÍ - Stefán Pálsson | 36 |
| 16. apríl | Skriflegt KSÍ B próf | 27 |
| 14. maí | Fundur yfirþjálfara - Yngri landslið Íslands | 20 |
| 22. maí | Súpufundur KSÍ - Jón Ólafsson | 80 |
| 19.-22. maí | KSÍ I þjálfaranámskeið hjá ÍR | 12 |
| 11. júní | KSÍ Afreksþjálfun unglinga - hópavinna/lokaverkefni | 17 |
| 15. september | Bikarúrslitaráðstefna KSÍ og KÞÍ | 46 |
| 28.-30. september | KSÍ I þjálfaranámskeið | 26 |
| 21.-22. september | KSÍ VI þjálfaranámskeið - leikgreining | 12 |
| 5.-7. október | KSÍ V þjálfaranámskeið | 18 |
| 12.-14. október | KSÍ I þjálfaranámskeið | 57 |
| 12.-14. október | KSÍ I þjálfaranámskeið á Höfn | 9 |
| 12.-14. október | KSÍ II þjálfaranámskeið | 18 |
| 16.-22. október | KSÍ VI þjálfaranámskeið - ferð til Danmerkur | 12 |
| 19.-21. október | KSÍ I þjálfaranámskeið á Akureyri | 20 |
| 22. október | Súpufundur KSÍ - Ingi Þór Einarsson | 32 |
| 26.-28. október | KSÍ II þjálfaranámskeið | 47 |
| 27. október | Fundur yfirþjálfara - Líkamsmælingar yngri landsliða kvenna og álag á leikmönnum í kvennaflokkum á Íslandi | 45 |
| 2.-4. nóvember | Sýnum karakter námskeið | 24 |
| 7. nóvember | Súpufundur KSÍ - Margrét Lára Viðarsdóttir og Elísa Viðarsdóttir | 37 |
| 16.-18. nóvember | KSÍ Afreksþjálfun unglinga | 25 |
| 23.-25. nóvember | KSÍ II þjálfaranámskeið á Akureyri | 9 |
| 30.nóv-2.des | KSÍ Afreksþjálfun unglinga | 25 |
| Allt árið | KSÍ B þjálfaraskóli | 30 |
| Allt árið | KSÍ A þjálfaraskóli | 14 |
| Allt árið | KSÍ Markmannsþjálfaragráða - hópavinna | 12 |
| | Samtals: | 1143 |

**Fjöldi þjálfara sem sóttu þjálfaranámskeið KSÍ á árunum 2008-2018**




**Fjöldi þjálfaranámskeiða KSÍ á árunum 2008-2018**



# Skýrsla útbreiðslunefndar

Í útbreiðslunefnd sátu starfsárið 2018-2019 þeir Valgeir Sigurðsson formaður, Björn Friðþjófsson, Tómas Þóroddsson, Jakob Skúlason, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Bjarni Ólafur Birkisson. Starfsmenn nefndarinnar voru Dagur Sveinn Dagbjartsson og Guðlaugur Gunnarsson.

**Útbreiðsluáætlun - útbreiðslustefna**
Unnið var samkvæmt þeirri áætlun sem samþykkt var á ársþingi KSÍ 2008.

**Markmið KSÍ**
Að allir fái tækifæri til að taka þátt í leik og starfi innan Knattspyrnusambands Íslands.
Að fjölga iðkendum í knattspyrnu, sér í lagi á svæðum þar sem þátttaka er lítil.

**Útbreiðsluverkefni árið 2018**
Special Olympics fagnaði 50 ára afmæli á árinu 2018. Að því tilefni bauð KSÍ krökkum úr Klettaskóla að leiða leikmenn inn á völlinn fyrir leik Íslands og Noregs (A landslið karla) sem leikinn var 2. júní. Gríðarlega vel tókst til og vill KSÍ koma á framfæri kæru þakklæti til krakkanna sem leiddu inn á, starfsmanna Klettaskóla og annarra sem aðstoðuðu við framkvæmdina.

KSÍ sá um framkvæmd Íslandsleika ÍF í knattspyrnu eins og undanfarin ár. Haldin hafa verið tvö mót - á vorin og haustin, en vegna dræmrar skráningar á vormótið var eingöngu haldið eitt mót, 23. september. Íslandsleikarnir voru haldnir í tengslum við Íþróttaviku Evrópu. Alls tóku 6 lið þátt í mótinu sem haldið var í samvinnu við Þrótt R. og leikið var á Eimskipsvellinum í Laugardal. Félögin sem tóku þátt að þessu sinni voru Íþróttafélagið Ösp og FC Sækó. Að venju var kyndilhlaup lögreglumanna fyrir mótið.

Við sama tilefni, Íþróttaviku Evrópu, var haldin kynning á göngufótbolta á Eimskipsvellinum í Laugardal, sunnudaginn 23. september.

KSÍ styrkti FC Sækó um ýmsan búnað til knattspyrnuiðkunar. FC Sækó er knattspyrnufélag sem starfsmenn og notendur á geðsviði Landsspítalans stofnuðu árið 2011. KSÍ bauð einnig þjálfara liðsins á þjálfaranámskeið, félaginu og þjálfaranum að kostnaðarlausu.

Á vormánuðum var ákveðið að ráða til starfa starfsmann til að sinna heimsóknum til aðildarfélaga. Kristinn Sverrisson, kennari og knattspyrnuþjálfari, var ráðinn til starfsins. Kristinn heimsótti alls 25 félög víðsvegar um landið, en ákveðið var að einblína á landsbyggðarlið í þessum heimsóknum. Heimsóknirnar voru liður í því að fá betri yfirsýn yfir umhverfi félaga en eins og gefur að skilja eru aðstæður á okkar víðfema landi mjög ólík. Útbreiðslunefndin vildi fá skoðanir félaga á málum eins og fjölgun iðkenda - er möguleiki að fjölga iðkendum, hvaða börn stunda ekki íþróttir, eru börn af erlendum uppruna að skila sér inn til félaga, dómaramálum, mótamálum, ferðakostnaði og öllu því sem liggur félögum á hjarta. Útbreiðslunefnd sendi einnig könnun til félaganna í maí 2018 til að fá enn frekari upplýsingar um stöðu mála, auk þess sem stjórn KSÍ og starfsmenn heimsóttu félög á árinu. Eftir liggur mikið magn af upplýsingum sem vinna þarf úr, greina og fylgja eftir í samstarfi við félögin.

Þorlákur Árnason, U15 landsliðsþjálfari og starfsmaður hæfileikamótunar, sinnti jafnframt útbreiðslustarfi í ferðum sínum vítt og breitt um landið, flutti fyrirlestra og var með æfingar fyrir krakka á öllum aldri.

Í október var haldin kynning á íþróttum fatlaðra í Laugardalshöllinni. Þar voru leikmenn og þjálfari frá Íþróttafélaginu Ösp og kynntu knattspyrnu fyrir blinda en Öspin heldur úti öflugu knattspyrnustarfi fyrir fatlaða. Gestir og gangandi fengu að skjóta á mark með bolta sem notaður er fyrir knattspyrnu blindra. Að sjálfsögðu var þátttakendum ekki gert kleift að sjá.

**Viðurkenningar fyrir grasrótarviðburði**
Sá merki atburður átti sér stað í september 2018 að FC Sækó vann til gullverðlauna í flokknum Grasrótarverkefni ársins hjá UEFA. Er þetta í fyrsta skipti sem íslenskt verkefni vinnur til verðlauna hjá UEFA.

Að því tilefni var þeim Degi Sveini Dagbjartssyni, starfsmanni útbreiðslunefndar, og Bergþóri Grétari Böðvarssyni, þjálfara FC Sækó, boðið í höfuðstöðvar UEFA í Nyon til að veita verðlaununum viðtöku og tók Bergþór við verðlaununum úr höndum Aleksander Čeferin, forseta UEFA.

Á ársþingi KSÍ 2018 hlaut Íþróttafélagið Ösp í Reykjavík Grasrótarverðlaun KSÍ. Íþróttafélagið Ösp hefur á undanförnum árum verið leiðandi í knattspyrnu fyrir börn, unglinga og fullorðna sem eiga við einhvers konar fötlun að etja. Félagið heldur úti æfingum allt árið um kring og hefur farið í fjölmargar keppnis- og æfingaferðir erlendis. Darri McMahon hefur þjálfað liðið undanfarin ár og verið drífandi í knattspyrnustarfi félagsins.
Íþróttafélagið Ösp er því einstaklega vel að þessari viðurkenningu komið.

**Iðkendafjöldi**
ÍSÍ tekur árlega saman tölfræði yfir iðkendur hjá sérsamböndunum og notar til þess Felix-forritið. Tölur sem birtar eru í árslok 2018 eru fyrir árið 2017. Samkvæmt tölum úr Felix eru iðkendur í knattspyrnu 25.355 talsins. Af því eru 17.794 karlar/drengir og 7.561 kona/stúlka.

**Knattspyrnuskóli KSÍ**
Knattspyrnuskóli KSÍ var haldinn í Garðinum á Reykjanesi. Leikmenn í Knattspyrnuskóla KSÍ 2018 voru fæddir árið 2004 og hvert félag mátti senda eina stúlku og einn dreng í Knattspyrnuskólann.
Knattspyrnuskóli drengja var dagana 17.-19. júlí. 37 drengir sótti skólann. Knattspyrnuskóli stúlkna var dagana 19.-21. júlí. 36 stúlkur sóttu skólann. Þorlákur Már Árnason hafði umsjón með báðum knattspyrnuskólum og naut liðsinnis Aðalbjarnar Hannessonar.

**Markmannsskóli KSÍ**
Líkt og undanfarin ár hélt KSÍ úti Markmannsskóla drengja og stúlkna á Akranesi. Öllum félögum á landinu býðst að senda tvo drengi og tvær stúlkur á eldra ári í 4. aldursflokki í Markmannsskóla KSÍ. Þar sem Markmannsskóli KSÍ er haldinn í október, eftir að leikmenn gangi upp í/úr flokki, er um að ræða krakka fædda 2005.
Markmannsskóli stúlkna fór fram dagana 5.-7. október. 16 stúlkur frá 13 félögum sóttu skólann að þessu sinni. Skólastjóri var Aldís Ylfa Heimisdóttir.
Markmannsskóli drengja fór fram dagana 12.-14. október. Að þessu sinni sóttu 30 drengir frá 19 félögum Markmannsskólann. Skólastjóri var Lúðvík Gunnarsson.
Níu markmannsþjálfarar komu að þjálfun í Markmannsskóla KSÍ að þessu sinni. KSÍ kann þeim bestu þakkir fyrir þeirra störf.

**Erlend samskipti**

- Eva Rós Vilhjálmsdóttir, Valdimar Pálsson, Guðberg Konráð Jónsson, Dagur Sveinn Dagbjartsson og Guðlaugur Gunnarsson fóru á UEFA Study Group Scheme ráðstefnu í Prag dagana 23.-26. apríl. Umfjöllunarefni ráðstefnunnar var hvernig hægt sé að halda fólki lengur í fótbolta, en Eva Rós, Valdimar og Guðberg hafa öll unnið að því á undanförnum árum að bjóða upp á fótbolta fyrir fullorðna á einn eða annan hátt. Eitt af því sem fjallað var um var göngufótbolti, sem nýtur mikilla vinsælda víða í Evrópu.
- Valgeir Sigurðsson, Daði Guðmundsson, Dagur Sveinn Dagbjartsson og Guðlaugur Gunnarsson fóru sem fulltrúar KSÍ á Norðurlandaráðstefnu um grasrótarmál sem haldin var í Finnlandi 19.-21. september. Yfirskrift ráðstefnunnar var uppbygging félaga (Club Development). Daði starfar sem íþróttafulltrúi og rekstrarstjóri knattspyrnudeildar Fram í Reykjavík og gaf ráðstefnugestum innsýn inn í uppbyggingu félagsins.
- Dagur Sveinn Dagbjartsson og Guðlaugur Gunnarsson fóru fyrir hönd Special Olympics og KSÍ á Evrópuráðstefnu Special Olympics um knattspyrnu fyrir fatlaða. Ráðstefnan fór fram í Prag dagana 14. og 15. desember.

**Að lokum**
Grasrótarstarfið er grunnurinn að frekari afrekum! Þar liggja fjölmörg tækifæri fyrir félögin og íslenska knattspyrnu sem geta gagnast til þess að ná til nýrra félagsmanna og halda í aðra og stækka þannig knattspyrnufjölskylduna enn frekar.
Jafnvel þó svo að víða gangi feykilega vel þá eru ýmsar áskoranir í knattspyrnunni hér á landi. Aðstaðan er víða sprungin eða takmörkuð og erfitt að bæta við nýjum iðkendum, þátttaka barna sem eru af erlendu bergi brotin er víða lítil sem er ákveðið áhyggjefni fyrir samfélagið, og áfram þarf að vinna að því að stuðla að aukinni þátttöku stúlkna í knattspyrnunni. Mikilvægt er að draga betur fram stöðuna á mismunandi landsvæðum og hjá ólíkum félögum þannig að hægt sé að styðja með markvissari hætti við félögin í sínu uppbyggingar- og grasrótarstarfi.

Það er alveg ljóst að við stöndum framarlega miðað við þær þjóðir sem við miðum okkur helst við. Til þess að halda okkur áfram í fremstu röð er mikilvægt að sinna af kostgæfni grasrótarstarfinu, m.a. með kynningar- og fræðslustarfsemi víða um land.
Á sama tíma er nauðsynlegt að huga að því mikla og farsæla starfi sem sjálfboðaliðar sinna við uppbyggingu og rekstur hjá aðildarfélögum KSÍ. Ég vil nota tækifærið og þakka öllum þeim sem unnu að grasrótarstarfi innan knattspyrnunnar á einn eða annan hátt fyrir þeirra óeigingjarna starf. Þeirra störf eru ómetanleg og verða seint fullþökkuð.
Að lokum þakka ég samnefndarmönnum mínum, starfsmönnum útbreiðslunefndar, sem og öðru starfsfólki KSÍ ánægjulegt og gott samstarf.

*Valgeir Sigurðsson, formaður*

# Úrtökumót KSÍ

Úrtökumót fyrir stelpur og stráka fædd 2003 voru haldin í júnímánuði á Akranesi. Bæði mótin stóðu yfir frá þriðjudegi til laugardags. Rúmlega 30 krakkar tóku þátt á hvoru móti.
Aðstaðan á Akranesi var í heildina góð. Útisvæðið var mjög blautt eftir miklar rigningar og því vorum við eingöngu inni með báða hópana. Það er nýtt gervigras í Akraneshöllinni og því má segja að þetta fyrirkomulag hafi hentað mjög vel.
Gist var á heimavist Fjölbrautaskólans borðuðum við í íþróttahúsinu.
Fyrirkomulagið á Úrtökumótinu hentar vel að mínu mati, júnímánuður er góður í þetta þar sem leikmenn eru nokkuð ferskir og mikil bragarbót frá því að mótið var í ágústmánuði í gamla daga. Mér fannst einnig sterkt að halda dagsetningum þrátt fyrir HM í Rússlandi - við eigum að hafa þetta mót á sama tíma á hverju ári svo allir aðilar geti skipulagt sig út frá því. Lengdin á þessu er einnig nokkuð passleg, þetta er nægilega langt til að maður kynnist krökkunum nokkuð vel sem persónum utan fótbolta.
Gæði hópanna voru góð. Stelpuhópurinn er feykilega sterkur þar sem þar er mikið úrval góðra leikmanna sérstaklega í markmannsstöðum og framar (miðja/kant/frammi) á vellinum. Margar úr þessum árgangi eru þegar farnar að spila með 2002 árganginum hjá okkur. Því miður fengum við ekki landsleik með þessar stelpur í sumar en ég held að það verði að vera forgangsatriði hjá okkur að fá landsleiki fyrir U15 stúlkna á næsta ári (2004 árgangur).
Strákahópurinn er jafn og nokkuð góður. Það voru fleiri seinþroska leikmenn en oft áður í honum og því held ég að þessi hópur eigi eftir að dafna meira í framtíðinni. Í heildina náðum við að finna nokkra kosti í hverja stöðu fyrir sig sem ættu að verða öflugir í framtíðinni. Tveir leikmenn fengu tækifæri með 2002 árganginum á þessu ári. Margir af þessum strákum hafa spilað landsleik núna þar sem við fengum 4 leiki á árinu sem er mjög dýrmætt. Sérstaklega voru leikirnir gegn feykisterku liði Sviss lærdómsríkir.
Lúðvik Gunnarsson Skagamaður aðstoðaði mig með æfingar báðar vikurnar og svo fengum við markmannsþjálfara einnig til okkar. Í heildina gekk þetta mjög vel en ég undirstrika það að það var mikill kostur að geta verið inni þar sem það hellirigndi nær allan tímann og vellirnir voru lélegir fyrir vikið.

*Þorlákur Árnason*

**Úrtaksmót U15 ára drengja 2018**
Eftirtaldir leikmenn tóku þátt í úrtaksmóti drengja, fæddir 2003, á Akranesi 19. - 23. júní 2018

| | |
|---|---|
| Sverrir Þór Kristinsson | Breiðablik |
| Tómas Bjarki Jónsson | Breiðablik |
| Arnór Gauti Úlfarsson | FH |
| Dagur Þór Hafþórsson | FH |
| Lúkas Logi Heimisson | Fjölnir |
| Daníel Smári Hlynsson | Fylkir |
| Grímur Ingi Jakobsson | Grótta |
| Kjartan Kári Halldórsson | Grótta |
| Kristófer Jónsson | Haukar |
| Ari Sigurpálsson | HK |
| Árni Salvar Heimisson | ÍA |
| Hákon Arnar Haraldsson | ÍA |
| Ísak Bergmann Jóhannesson | ÍA |
| Eyþór Orri Ómarsson | ÍBV |
| Ívan Óli Santos | ÍR |
| Alex Máni Garðarsson | KA |
| Björn Bogi Guðnason | Keflavík |
| Eiður Snorri Bjarnason | KR |
| Sigurpáll Sören Ingólfsson | KR |
| Andi Hota | Leiknir |
| Andi Morina | Leiknir |
| Hrafn Hallgrímsson | Lyn, Noregi |
| Pálmi Rafn Arinbjörnsson | Njarðvík |
| Guðmundur Tyrfingsson | Selfoss |
| Þorgils Gunnarsson | Selfoss |
| Hlynur Már Friðriksson | Stjarnan |
| Ísak Andri Sigurgeirsson | Stjarnan |
| Jón Hrafn Barkarson | Stjarnan |
| Óli Valur Ómarsson | Stjarnan |
| Viktor Reynir Oddgeirsson | Stjarnan |
| Kári Daníel Alexanderson | Valur |
| Tómas Þórisson | Víkingur |
| Jakob Franz Pálsson | Þór |

**Úrtaksmót U15 ára stúlkna 2018**
Eftirtaldir leikmenn tóku þátt í úrtaksmóti stúlkna, fæddar 2003, á Akranesi 11. – 15. júní 2018

| | |
|---|---|
| Cecelia Rán Rúnarsdóttir | Afturelding |
| Bergþóra Sól Ásmundsdóttir | Breiðablik |
| Hildur Lilja Ágústsdóttir | Breiðablik |
| Tinna Harðardóttir | Breiðablik |
| Andrea Mary Sigurjónsdóttir | FH |
| Arna Sigurðardóttir | FH |
| Hrafnhildur Árnadóttir | Fjölnir |
| Sara Montoro | Fjölnir |
| Sóley Vivian Eiríksdóttir | Fjölnir |
| Bryndís Arna Níelsdóttir | Fylkir |
| Gunnhildur Ottósdóttir | Fylkir |
| Margrét Rán Rúnarsdóttir | Grótta |
| Dagný Rún Pétursdóttir | HK |
| Pála Gaciarska | ÍA |
| Alma Gui Mathiesen | KR |
| Áslaug Dóra Sigurbjörnsdóttir | Selfoss |
| Aníta Ýr Þorvaldsdóttir | Stjarnan |
| Hildigunnur Ýr Benediktsdóttir | Stjarnan |
| Hrefna Steinunn Aradóttir | Stjarnan |
| Jana Sól Valdimarsdóttir | Stjarnan |
| Amanda Jacobsen Andradóttir | Valur |
| Emma Steinsen | Valur |
| Karen Guðmundsdóttir | Valur |
| Karólína Ósk Erlingsdóttir | Valur |
| Ólöf Sigríður Kristinsdóttir | Valur |
| Aníta Ólafsdóttir | Víkingur Ó |
| Dögg Magnúsdóttir | Víkingur R |
| Ólöf Hildur Tómasdóttir | Víkingur R |
| María Catharina Ólafsd. Gros | Þór |
| Nana Rut Hlynsdóttir | Þór |
| Andrea Rut Bjarnadóttir | Þróttur |

**Knattspyrnuskóli KSÍ 2018 - drengir**

Eftirtaldir leikmenn, fæddir 2004, tóku þátt í Knattspyrnuskóla KSÍ sem fram fór í Garðinum 19-21 júlí 2018.

| | |
|---|---|
| Alexander Aron Tómasson | Fjölnir |
| Alexander Ægir Ingveldarson | Þróttur V |
| Anton Berg Sævarsson | Austri |
| Anton Erik Antonsson | Reynir H |
| Arnaldur Ásgeir Einarsson | Þróttur R. |
| Arnar Eiríksson | Skallagrímur |
| Bessi Mar Ottósson | Dalvík |
| Birkir Ingólfsson | Sindri |
| Birkir Ingi Óskarsson | Valur Reyðarfirði |
| Bjarni Guðjón Brynjarsson | Þór |
| Björgvin Máni Bjarnason | KA |
| Daníel Búi Andrésson | Afturelding |
| Eiður Orri Ragnarsson | Einherji |
| Einar Þór Jónsson | ÍBV |
| Geir Sigurbjörn Ómarsson | Þróttur N. |
| Helgi Leó Leifsson | Grindavík |
| Hilmar Starri Hilmarsson | Valur |
| Hilmar Þór Árnason | Völsungur |
| Ísak Aron Ómarsson | HK |
| Jón Gísli Stefánsson | Hvöt |
| Ingi Þór Sigurðsson | ÍA |
| Ísak Daði Ívarsson | Víkingur R. |
| Kári Eydal | Vestri |
| Kristófer Máni Atlason | Víkingur Ó. |
| Logi Hrafn Róbertsson | FH |
| Ólafur Bernharð Hallgrímsson | Leiknir F. |
| Óliver Elís Hlynsson | ÍR |
| Ólíver Steinar Guðmundsson | Haukar |
| Ómar Björn Stefánsson | Fylkir |
| Óskar Örn Pétursson Blöndal | Grótta |
| Sigfús Árni Guðmundsson | Fram |
| Sigurður Gunnar Jónsson | Stjarnan |
| Svavar Örn Þórðarson | Njarðvík |
| Tobías Breiðfjörð Brynleifsson | Hamar |
| Valur Snær Stefánsson | Álftanes |
| Víðir Freyr Ívarsson | Höttur |
| Þorsteinn Aron Antonsson | Selfoss |

**Knattspyrnuskóli KSÍ 2018 - stúlkur**

Eftirtaldir leikmenn, fæddir 2004, tóku þá í Knattspyrnuskóla KSÍ sem fram fór í Garðinum 17-19 júlí 2018.

| | |
|---|---|
| Amelía Rún Fjeldsted | Keflavík |
| Auður Ísold Þórisdóttir | Þróttur |
| Birta Atladóttir | HK |
| Brynja Líf Jónsdóttir | Selfoss |
| Dagbjört Lif Guðmundsdóttir | ÍA |
| Elínóra Ýr Kristjánsdóttir | Skallagrímur |
| Emelía Rún Árnadóttir | Álftanes |
| Erna Sólveig Sverrisdóttir | Fylkir |
| Freyja Karín Þorvarðadóttir | Þróttur N. |
| Guðrún Þóra Geirsdóttir | Völsungur |
| Harpa Guðjónsdóttir | Fram |
| Harpa Sól Sigurðardóttir | Fjölnir |
| Hildur Arna Lúðvíksdóttir | Stjarnan |
| Hildur Björk Búadóttir | Valur |
| Irma Rún Blöndal | Víðir |
| Íris Hrönn Hlynsdóttir | Einherji |
| Jakobína Hjörvarsdóttir | Þór |
| Jóhanna Hilmarsdóttir | KR |
| Jóhanna Björk Auðunsdóttir | Hvöt |
| Jónína Björk Gunnarsdóttir | Hamar |
| Ísfold Marý Sigtryggsdóttir | KA |
| Karítas Emók Óðinsdóttir | Leiknir F. |
| Karólína Garðarsdóttir | Haukar |
| Klara Sóldís S. Ragnarsdóttir | Valur Reyðarfirði |
| Lilja Borg Jóhannsdóttir | Vestri |
| María Nicole Lecka | Austri |
| Ragnhildur Rán Árnadóttir | Reynir S. |
| Rósey Björgvinsdóttir | Höttur |
| Theodóra G.Vilhjálmsdóttir | Víkingur |
| Thelma Sól Óðinsdóttir | ÍBV |
| Tinna Hrönn Einarsdóttir | Grindavík |
| Sara Dögg Ásþórsdóttir | Afturelding |
| Selma Ýr Ívarsdóttir | Sindri |
| Sveindís Ósk Unnarsdóttir | Breiðablik |
| Sædís Rún Heiðarsdóttir | Víkingur Ó. |
| Vilborg Ólafía Jóhannsdóttir | Grótta |

**Markmannsskóli KSÍ, 5.-7. október 2018 - Stúlkur**

| Félag | Nafn markvarðar |
|---|---|
| Afturelding | Karen Dæja Guðbjartsdóttir |
| Breiðablik | Dísella Mey Ársælsdóttir |
| FH | Natalía Sól Arnarsdóttir |
| Fjölnir | Auður Árnadóttir |
| Fylkir | Kara Sigurbjörg Sveinsdóttir |
| Haukar | Vala Björk Jónsdóttir |
| HK | Supattra Meenoi |
| KA | Ísabella Júlía Óskarsdóttir |
| Keflavík | Þórhildur Ósk Snædal |
| Keflavík | Esther Júlía Gustavsdóttir |
| Selfoss | Arnheiður Soffía Jónsdóttir |
| Selfoss | Sóldís Malla Steinarsdóttir |
| Stjarnan | Heiðdís Emma Sigurðardóttir |
| Valur | Fanney Inga Birkisdóttir |
| Valur | Bergljót Júlíana Kristinsdóttir |
| Víkingur R. | Eygló Eyja Bjarnadóttir |

**Markmannsskóli KSÍ, 12.-14. október 2018 - Drengir**

| Félag | Nafn markvarðar |
|---|---|
| Afturelding | Arnar Daði Jóhannesson |
| Breiðablik | Nói Pétur Á Guðnason |
| FH | Ívan Atli Ívansson |
| FH | Benedikt Emil Aðalsteinsson |
| Fjölnir | Halldór Tristan Jónsson |
| Fram | Alexander Arnarsson |
| Fylkir | Stefán Leó Garðarsson |
| Fylkir | Heiðar Máni Hermannsson |
| Haukar | Ásgeir Bragi Þórðarson |
| Haukar | Anton Örn Einarsson |
| HK | Jón Þór Valdimarsson |
| HK | Andrés Már Kjartansson |
| Hvöt | Elis Óli Aadnegard |
| ÍA | Logi Mar Hjaltested |
| ÍA | Gísli Fannar Ottesen |
| ÍR | Arnar Óli Ingvarsson |
| ÍR | Birgir Logi Steinþórsson |
| KA | Vilhjálmur Sigurðsson |
| KA | Jóhannes Geir Gestsson |
| Keflavík | Bjarni Kristjánsson |
| Keflavík | Guðjón Snorri Herbertsson |
| Reynir/Víðir | Ágúst Þór Ægisson |
| Selfoss/Hamar | Arnór Elí Kjartansson |
| Stjarnan | Snorri Þór Stefánsson |
| Stjarnan | Tómas Snær Guðmundsson |
| Valur | Kristján Hjörvar Sigurkarlsson |
| Valur | Mikael Hrafn Helgason |
| Víkingur R. | Jóhann Glói Pétursson |
| Víkingur R. | Óliver Örn Davíðsson |
| Þróttur R. | Hilmar Örn Pétursson |

# Skýrsla hæfileikamótunar

**Hæfileikamótun KSÍ og N1 2018**

**Inngangur**
Hæfileikamótun KSÍ hefur breyst með tímanum síðan við byrjuðum með verkefnið árið 2014. Í upphafi var verkefninu fyrst og fremst ætlað að mæta þörfum félaga á landsbyggðinni, sérstaklega minni stöðum. Með tímanum hefur þeim leikmönnum sem eru á höfðuborgarsvæðinu hins vegar fjölgað hlutfallslega mest á þessum 4 árum, þó eru leikmenn á landsbyggðinni ennþá hlutallslega fjölmennastir. Það má rökstyðja það vegna þess að við sjáum þá sjaldnar en leikmenn í þéttbýli.

Í ár tóku 220 strákar sem er um 18% allra sem æfa í þessum aldursflokki og 180 stelpur þátt í verkefninu sem er um 28%. Krakkar á aldrinum 13-14 ára (fædd 2004 og 2005) tóku þátt í ár en áherslan var lögð sérstaklega á 2004 árganginn. Þetta undirstrikar okkar hugmyndafræði á Íslandi að við gefum mjög mörgum leikmönnum tækifæri á þessum aldri enda er óvissan mikil bæði líkamlega og andlega sérstaklega drengjamegin þar sem þeir þroskast seinna en stúlkurnar.

Almennt get ég sagt að 2004 árgangurinn strákamegin er sterkasti árgangur sem ég hef nokkurn tímann kynnst hjá okkur. Hjá stúlkunum er breiddin ekki nægjanlega mikil þetta árið í 2004 en þó þarf maður að fara varlega í að dæma því að 2003 árgangurinn stúlknamegin er gríðarlega sterkur og maður á það til að miða við þær.

**Framkvæmd**
Æfingar hófust í nóvember 2017 og var það í fyrsta skipti sem við framkvæmum þetta fyrir áramót. Það er mikilvægt að geta byrjað í nóvember/desember þar sem aðgangur að knatthúsum er miklu auðveldari á þessum tíma. Einnig er mikilvægt að klára sem flestar æfingar fyrir skólalok þar sem önnur verkefni geta skarast þá. Verkefninu lauk eins og fyrri ár með svokölluðu *Hæfileikamóti* tvær síðustu helgarnar í október.

Við gáfum út heildarplan fyrir allt árið í byrjun árs 2018 og það hjálpaði mikið til með alla skipulagningu og samvinnu/samskipti við félögin.

Líkt og áður eru æfingarnar annars vegar svæðisbundnar en síðan heimsækjum við sérstaklega einangraða staði líkt og Ísafjörð/Bolungarvík, Hornafjörð og Vestmannaeyjar.

Verkefnið er umfangsmikið þrátt fyrir að æfingafjöldi sé ekki mikill. Öll svæði og einangraðir staðir fá 2 æfingar yfir árið. Það segir sig sjálft að við bætum ekki leikmenn með slíkum fjölda æfinga. Vegna þessa þá höfum tekið skýrt fram að Hæfileikamótun KSÍ er fyrst og fremst skimunarverkefni (scouting) og undirbúningur fyrir U15 ára landslið sem er lið sem er að þróast æ fyrr út um allan heim. Þessi undirbúningur felst meðal annars í því að byrja á að velja leikmenn á Hæfileikamótið út frá leikstöðum. Við höfum verið að glíma við það í A-landsliðum okkar að við höfum einfaldlega ekki náð að búa til/gera leikmenn tilbúna í ákveðnum leikstöðum, þá sérstaklega bakvarðastöðum. Þetta er gríðarlega mikilvægt. Ég reyni því að skila Hæfileikamótunni þannig af mér að þjálfarar U16 hafi úr nokkrum góðum kostum að velja í öllum leikstöðum.

Einmitt vegna þess að við höfum gefum það út að verkefnið sé skimunarverkefni þá setti ég mér það markmið að sjá að minnsta kosti einn leik með öllum liðum í 4. flokki stúlkna og drengja. Ég fór því út um allt land til þess að sjá leiki með félögunum og undirtektir voru mjög góðar. Ég tók myndir af byrjunarliðum og setti inn á Facebook síðu KSÍ samstundis. Þannig að mér þóttu gæðin aukast mikið við þessa umgjörð auk þess sem að ég kynntist leikmönnum miklu betur með því að sjá þá í leik. Í flestum öðrum löndum eru sérstakir aðilar sem sjá um það að njósna um og skoða leikmenn og það er spurning hvort við eigum að taka umræðu um það hvort að við ættum að virkja þjálfara félaganna meira í þessum efnum. En þessi nýjung gafst vel og ég þekkti leikmennina miklu betur núna í haust á Hæfileikamótinu en þegar ég var með verkefnið 2014.

*Þorlákur Árnason*

# Skýrsla mannvirkjanefndar

Í mannvirkjanefnd sátu eftirtalin árið 2018: Ingi Sigurðsson formaður, Bjarni Þór Hannesson, Margrét Leifsdóttir, Kristján Ásgeirsson, Jón Runólfsson, Magnús Gylfason og Þorbergur Karlsson. Starfsmaður nefndarinnar er Jóhann G. Kristinsson.
Verkefni mannvirkjanefndar eru í föstum skorðum, þar sem nefndin er stjórn KSÍ og aðildarfélögum sambandsins til ráðgjafar í mannvirkjamálum. Fylgst er með þróun mannvirkja innanlands sem og á alþjóðavettvangi og reglna sem gilda þar um.

Á árinu 2018 hélt mannvirkjanefnd fimm fundi og hér verður fjallað um helstu þætti sem komu til umfjöllunar hjá nefndinni.

Eins og á fyrri árum þá finnur mannvirkjanefnd fyrir auknum áhuga aðildarfélaga og sveitarfélaga á uppbyggingu knattspyrnumannvirkja og er það vel. Sá aukni áhugi leiðir til fleiri og hærri umsókna í mannvirkjasjóð KSÍ, sem aftur leiddi til skoðunar á þætti mannvirkjasjóðs við slíka uppbyggingu.
Á árinu vann nefndin að endurskoðaðri reglugerð fyrir mannvirkjasjóð að beiðni stjórnar KSÍ. Sú vinna fór af stað í maí sl. og var meginþungi vinnunnar á haustdögum. Í nóvember lá svo fyrir endanleg tillaga nefndarinnar að endurskoðaðri reglugerð fyrir mannvirkjasjóðinn ásamt nýju skorkorti sem verður nýtt við mat á innsendum umsóknum. Tillagan var svo send til stjórnar og samþykkt þar í framhaldinu og verður því úthlutun á framlögum úr sjóðnum á árinu 2019 skv. endurskoðaðri reglugerð.

Mannvirkjanefnd fór yfir umsóknir um vallarleyfi og umsóknir í mannvirkjasjóð KSÍ. Mikil uppbygging og framkvæmdir eru í undirbúningi og sum verkefni eru komin á framkvæmdarstig.
Eins og áður er mannvirkjanefnd aðildarfélögum til ráðgjafar og í því samhengi komu til formlegrar umfjöllunar hjá nefndinni framkvæmdir í Ólafsvík, á Dalvík, á Grenivík, í Neskaupstað og í Vestmannaeyjum.
Mikið hefur áunnist í framkvæmdum við leikvelli en á mörgum völlum eru minni háttar atriði sem þarfnast lagfæringar þegar litið er til flokkunar leikvalla. Lokið var við gerð nýs gervigrasvallar með flóðlýsingu í Ólafsvík, byggingu nýrrar áhorfendastúku á Grenivík ásamt ýmsum minni framkvæmdum hjá mörgum félögum.
Margar framkvæmdir eru í burðarliðnum - ýmist langt komnar, í undirbúningi eða hafin á árinu - og áætlanir um verklok á árinu 2019. Má þar nefna framkvæmdir eins og nýja gervigrasvelli á Dalvík og í Kópavogi, nýtt vallarhús á Grenivík, endurbygging grasvallar á Seyðisfirði, bygging nýrra búningsklefa við Hásteinsvöll í Vestmannaeyjum, svo fátt eitt sé nefnt.

Nefndin fór yfir efni reglugerðar um knattspyrnuleikvanga og lagði til nokkrar breytingar á gildandi reglugerð. Breytingar á reglugerð m.a. vegna búningsklefa í nýbyggingum, steypa niður vallarmörk og ítrekun á ákvæðum flóðlýsingar eru atriði sem eru í farvegi.

Ástand leikvalla er sífellt til skoðunar, m.a. ástand grasvalla á vordögum sem og breytingar á yfirborði þeirra þ.e. frá grasi og yfir í gervigras. Einnig var umræða um kröfur í knatthúsum sem þarf að uppfylla þegar leikir eru færðir inn í knatthús vegna ástands grasvallar.

Í byrjun desember sótti Þorbergur Karlsson ráðstefnu í Genf á vegum ISC (International Sports Convention) og var einn hluti hennar um gervigras. Ráðstefna þessi er mjög stór og skiptist upp í margar mismundandi raðir fyrirlestra. Ein af þeim ber yfirskriftina „Turf and Grass Conference“ þar sem Þorbergur var á meðal fyrirlesara og fjallaði erindi hans um langtíma stefnumótun í uppbyggingu gervigrasvalla með hliðsjón af veðurfari á Íslandi. Þessar ráðstefnur eru haldnar annað hvert ár og verður sú næsta í London árið 2020.

Eitt af stóru verkefnum KSÍ um þessar mundir er nýr Laugardalsvöllur sem tekur mið af þróun þjóðarleikvanga í Evrópu og árangurs íslensku landsliðanna. Mannvirkjanefnd tilnefndi Bjarna Hannesson sem fulltrúa sinn varðandi ráðgjöf um grasmál nýs Laugardalsvallar.

Mannvirkjanefnd þakkar aðildarfélögum gott samstarf á starfsárinu.

*Ingi Sigurðsson, formaður*

# Heiðursviðurkenningar

## Eftirtaldir fengu heiðursviðurkenningar á árinu 2018

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Ágúst Guðmundsson | Fram | 2018 | 110 ára afmæli Fram | Silfur |
| Birkir Kristinsson | Fram | 2018 | 110 ára afmæli Fram | Gull |
| Finnbjörn Agnarsson | Fram | 2018 | 110 ára afmæli Fram | Silfur |
| Guðmundur Torfason | Fram | 2018 | 110 ára afmæli Fram | Gull |
| Gunnar Guðjónsson | Fram | 2018 | 110 ára afmæli Fram | Gull |
| Jón Þ. Sveinsson | Fram | 2018 | 110 ára afmæli Fram | Silfur |
| Júlíus Guðmundsson | Fram | 2018 | 110 ára afmæli Fram | Gull |
| Pálmi Bergmann | Fram | 2018 | 110 ára afmæli Fram | Gull |
| Pétur Ormslev | Fram | 2018 | 110 ára afmæli Fram | Gull |
| Viðar Þorkelsson (ekki afhent) | Fram | 2018 | 110 ára afmæli Fram | Gull |
| Þorbjörn Atli Sveinsson | Fram | 2018 | 110 ára afmæli Fram | Silfur |
| Þórður Ingi Guðjónsson | Fram | 2018 | 110 ára afmæli Fram | Silfur |
| Þuríður Guðnadóttir | Fram | 2018 | 110 ára afmæli Fram | Gull |
| Jóhannes Ólafsson | ÍBV | 2018 | 72. ársþing KSÍ | Gull |
| Anna Birna Sæmundsdóttir | KA | 2018 | 90 ára afmæli KA | Silfur |
| Áskell Þór Gíslason | KA | 2018 | 90 ára afmæli KA | Gull |
| Bergvin Fannar Gunnarsson | KA | 2018 | 90 ára afmæli KA | Silfur |
| Erna Hrönn Magnúsdóttir | KA | 2018 | 90 ára afmæli KA | Silfur |
| Gunnar Níelsson | KA | 2018 | 90 ára afmæli KA | Gull |
| Gunnlaugur Eiðsson | KA | 2018 | 90 ára afmæli KA | Silfur |
| Gústaf Baldvinsson | KA | 2018 | 90 ára afmæli KA | Silfur |
| Hjörvar Maronsson | KA | 2018 | 90 ára afmæli KA | Silfur |
| Ingvar Már Gíslason | KA | 2018 | 90 ára afmæli KA | Silfur |
| Jóhann Ingi Pálsson | KA | 2018 | 90 ára afmæli KA | Silfur |
| Kristín Sigurbjörg Jóhannsdóttir | KA | 2018 | 90 ára afmæli KA | Silfur |
| Ragnheiður Júlíusdóttir | KA | 2018 | 90 ára afmæli KA | Silfur |
| Ragnhildur Björg Jósefsdóttir | KA | 2018 | 90 ára afmæli KA | Silfur |
| Regína Margrét Siguróladóttir | KA | 2018 | 90 ára afmæli KA | Silfur |
| Stefán Aðalsteinsson | KA | 2018 | 90 ára afmæli KA | Gull |
| Steingrímur Birgisson | KA | 2018 | 90 ára afmæli KA | Gull |
| Sveinbjörg Kristjana Pálsdóttir | KA | 2018 | 90 ára afmæli KA | Silfur |
| Sverrir Gunnar Pálmason (ekki afhent) | KA | 2018 | 90 ára afmæli KA | Silfur |
| Sævar Pétursson | KA | 2018 | 90 ára afmæli KA | Silfur |
| Þórir Ólafur Tryggvason | KA | 2018 | 90 ára afmæli KA | Silfur |
| Guðmundur Pétursson | KR | 2018 | 72. ársþing KSÍ | Heiðurskross |
| Berglind Bjarnadóttir | Víkingur R | 2018 | 110 ára afmæli Víkings | Silfur |
| Björn Einarsson | Víkingur R | 2018 | 110 ára afmæli Víkings | Silfur |
| Davíð Rúrik Ólafsson | Víkingur R | 2018 | 110 ára afmæli Víkings | Silfur |
| Einar Guðnason | Víkingur R | 2018 | 110 ára afmæli Víkings | Silfur |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Friðrik Magnússon | Víkingur R | 2018 | 110 ára afmæli Víkings | Silfur |
| Guðjón Guðmundsson | Víkingur R | 2018 | 110 ára afmæli Víkings | Silfur |
| Guðmundur H. Pétursson | Víkingur R | 2018 | 110 ára afmæli Víkings | Gull |
| Heimir Gunnlaugsson | Víkingur R | 2018 | 110 ára afmæli Víkings | Silfur |
| Hörður Theódórsson | Víkingur R | 2018 | 110 ára afmæli Víkings | Silfur |
| Jón Ingi Ólafsson (ekki afhent) | Víkingur R | 2018 | 110 ára afmæli Víkings | Gull |
| Katla Guðjónsdóttir | Víkingur R | 2018 | 110 ára afmæli Víkings | Silfur |
| Kristrún Gunnlaugsdóttir | Víkingur R | 2018 | 110 ára afmæli Víkings | Silfur |
| Logi Ólafsson | Víkingur R | 2018 | 110 ára afmæli Víkings | Gull |
| Marteinn Guðgeirsson | Víkingur R | 2018 | 110 ára afmæli Víkings | Silfur |
| Sigurður Sighvatsson | Víkingur R | 2018 | 110 ára afmæli Víkings | Silfur |
| Tómas Þór Þórðarson | Víkingur R | 2018 | 110 ára afmæli Víkings | Silfur |
| Þórir Ingvarsson | Víkingur R | 2018 | 110 ára afmæli Víkings | Silfur |